



1.tbl    TÍMARIT    1.árg  
**LÖGRÉTTU**

Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

VINNUSLYS,  
SLYSATRYGGING SJÓMANNA  
EFTIR Dr. Guðmund Sigurðsson

A

NÝMÆLI Í BARNALÖGGJÖF  
EFTIR Svölu Ísfeld Olafsdóttur

B

BRÁÐABIRGÐALÖG SEM  
RÉTTARHEIMILD  
EFTIR Ólaf E. Friðriksson

C

RANNSÓKNARRÉTTARFAR Í  
EINKAMÁLUM?  
EFTIR Jón Steinar Gunnlaugsson

D

STJÓRNHÆTTIR FYRIRTÆKJA OG  
FYRSTU VIÐMIÐIN Á ÍSLANDI  
EFTIR Áslaugu Björgvinsdóttur

E

# BRÁÐABIRGÐALÖG SEM RÉTTARHEIMILD

Ólafur E. Friðriksson,  
nemandi í lagadeild Háskólans í Reykjavík

C

51

1. INNGANGUR	52
2. BRÁÐABIRGÐALAGAHEIMILDIN OG ÁLITAMÁL HENNI TENGD.	52
2.1. Heimildarákvæði stjórnarskráinnar	52
2.2. „þegar brýna nauðsyn ber til...”	53
2.3. „...getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög...”	54
2.4. „...ef Alþingi er ekki að störfum.”	54
2.5. „Bráðabirgðaflöög má ekki gefa út...”	55
2.6. „Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána.”	55
3. AFSTAÐA LÖGGJAFANS TIL SETNINGAR BRÁÐABIRGÐALAGA.	56
3.1. Beiting bráðabirgðalagaheimildarinnar	56
3.2. Viðbrögð löggjafarvaldsins	56
3.3. Áhrif stjórnarskrábreyingarinnar árið 1991	58
4. BRÁÐABIRGÐALÖG SEM RÉTTARHEIMILD.	59
4.1. Álit fræðimanna á hver meti hina brýnu nauðsyn	59
4.2. Dómar hæstaréttar fyrir stjórnarskrábreyinguna 1991	60
4.3. Vatnaskil í afstöðu hæstaréttar	62
4.4. Hin brýna nauðsyn dregin í efa	66
5. ÁLYKTANIR OG NIÐURSTÖÐUR	69
5.1. Samanburður við önnur ríki	69
5.2. Bráðabirgðalög sem réttarheimild í ljósi dóma hæstaréttar	70
5.3. Fylgir hæstiréttur vilja stjórnarskrárgjafans?	72
HEIMILDIR	76

## 1. INNGANGUR

Bráðabirgðalög hafa allmikla sérstöðu meðal réttarheimilda. Að formi eru þau jafnréttá almennum settum lögum sem samþykkt hafa verið með lýðræðislegum hætti á Alþingi en í raun eru þau þó aðeins stjórnvaldsákváranir sem handhafar framkvæmdavaldsins hafa tekið að eigin frumkvæði og á eigin ábyrgð. Aðalhandhafi löggjafarvaldsins fær ekki tækifæri til að taka afstöðu til bráðabirgðalaga fyrr en löngu eftir að setning þeirra er gengin um garð og áður fyrr gat liðið hátt í ár frá því bráðabirgðalög voru sett þar til þau voru samþykkt sem lög af Alþingi og forseti staðfesti þau.

Þetta helgast að sumu leyti af því að heimildarákvæði stjórnarskráinnar um bráðabirgðalög er eins konar stjórnskipuleg leif frá liðnum tíma. Það er upprunnið um miðja 19. öld og stóð lítt breytt frá þeim tíma fram til loka 20. aldar. Bráðabirgðalagaheimildi n, sem eitt sinn þótti eðlilegur varnagli af hálfu danska konungsvaldsins í togstreitu þess við dönsku borgarastéttina um áhrif og völd þjóðþingsins á upphafsskeiði lýðræðisþróunar í Danmörku, varð með tímanum tæki í höndum íslenskra ráðherra til að sniðganga lýðræðislega kjörið löggjafarping með formlegum atbeina forseta. Á 19. öld og framan af þeirri 20. þótti þetta eðlilegt og sjálfsagt valdaframsal af hálfu þingmanna, sem flestir höfðu atvinnu af bústörfum en ekki þingstörfum, enda sat Alþingi þá aðeins 6–8 vikur annað hvert ár. Þeir hafa verið því fegnastir að vera ekki kallaðir til þingstarfa um hábjargræðistímann, sem gat kostað þá vikulangt ferðalag á hestbakí og sumir þurft að sundriða straumþungar ár. Líklegar hefði það hvort sem var tekið landþóstinn hálfan mánuð að koma boðunum til þeirra. Hins vegar er óháett að fullyrða að eftir miðja 20. öld hafi brostið allar forsendur fyrir þessu ákvæði stjórnarskráinnar.

Bráðabirgðalagasetning hefur talsverða sérstöðu í íslenskum rétti. Annars vegar er heimild til slíkra lagasetningar ekki algild í nálægum löndum sem hafa sambærilega stjórnskipan og hins vegar er heimildinni beitt mun sparlegar í þeim ríkjum sem á annað bord veita handhöfum framkvæmdavaldsins þennan rétt.

Hér á eftir verður leitast við að varpa ljósi á eðli bráðabirgðalaga, þær forsendur sem liggja fyrir notkun bráðabirgðalagaheimildarinnar, hvernig henni hefur verið beitt í reynd á undanförnum áratugum

og hvernig beiting hennar hefur leitt til breytinga á heimildinni. Síðan verður reynt að draga fram hvernig dómkostalar hafa metið bráðabirgðalög sem réttarheimild þegar á það hefur reynt, hvaða atriði þeir hafa lagt til grundvallar mati sínu og hvernig gildi bráðabirgðalaga hefur breyst á undanförnum áratugum.<sup>1</sup>

## 2. BRÁÐABIRGÐALAGAHEIMILDIN OG ÁLITAMÁL HENNI TENGD

### 2.1. Heimildarákvæði stjórnarskrárinna

Heimildarákvæði stjórnarskrárinna til útgáfu bráðabirgðalaga er í reynd upprunnið á tímum dönsku stéttapringanna á fyrri hluta 19. aldar<sup>2</sup> og var sett í fyrstu dönsku grundvallarlögini árið 1849 en kemur orðrétt úr 25. gr. dönsku grundvallarlöganna frá 1866 inn í 11. gr. fyrstu íslensku stjórnarskrárinna árið 1874. Það hljóðaði ákvæði þannig: „Pegar brýna nauðsyn ber til getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli Alþingi; eigi megi slík lög samt koma í bág við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.“<sup>3</sup> Með stjórnarskipunarlögum nr. 12/1915 var bætt við greinina ákvæði um að bráðabirgðalög falli úr gildi ef Alþingi samþykki þau ekki fyrir þingslit og að óheimilt sé að gefa út bráðabirgðaþárlög hafi Alþingi samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.

Heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga er nú að finna í 28. gr. stjórnarskrár lyðveldisins Íslands nr. 33/1944, eins og henni var breytt hvað þetta atriði varðar með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991. Í heild sinni er ákvæðið nú svohljóðandi:

*„Pegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó riða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er komið saman á nyj.“*

*Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því þingið kom saman, falla þau úr gildi.*

*Bráðabirgðaþárlög má ekki gefa út, ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.“*

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verður þó að hafa í huga hvers eðlis þær breytingar voru sem gerðar voru með stjórnarskipunarlögum nr. 56/1991, en hvað þetta efni snertir varða þær breytingar bæði 28. gr. og 35. gr. stjskr. Síðari greininni var breytt á þann veg að Alþingi skuli koma saman fyrsta dag októbermánaðar

<sup>1</sup> Grein þessi er að stofni til ritgerð í aðferðarfræði við Háskólanum í Reykjavík haustið 2003 og birt hér eilítio styt og breytt.

<sup>2</sup> Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstaða alþingis til útgáfu þeirra, bls. 35, H. Matzen: Den Danske Statsforfatningsret, bls. 156-157.

<sup>3</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 324.

ár hvert „...og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða verið rofið.“<sup>4</sup> Þessi breyting felur í sér að Alþingi er ekki slitið að vori eins og áður var heldur situr það í reynd allt árið en fundum þess er aðeins frestað við jólahlé og sumarhlé. Breytingin var sérstaklega gerð til að greiða fyrir því að unnt væri að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara, án þess að setja þyrfti þing, kjósa forseta þess og skipa í nefndir, og þar með minnka þörfina fyrir setningu bráðabirgðalaga.<sup>5</sup>

Með hliðsjón af þessu var 28. gr. annars vegar var kveðið á um í 1. mgr. 28. gr. að bráðabirgðalög skuli leggja fyrir Alþingi „þegar Alþingi er ekki að störfum“ en ekki „á milli þinga“ eins og áður var. Til að koma í veg fyrir óhæflegan drátt á að bráðabirgðalög fengju staðfestingu Alþingis voru að auki gerðar tvær breytingar á 28. gr. stjskr. Annars vegar var kveðið á um í 1. mgr. 28. gr. að bráðabirgðalög skuli leggja fyrir Alþingi „þegar er það er komið saman á ny“ en ekki bara „fyrir næsta Alþingi á eftir“ eins og setningin hljóðaði áður. Þetta kemur í veg fyrir að hægt sé að láta umdeild og óvinsæl bráðabirgðalög daga uppi í nefndum þar til þau félru sjálfkrafa úr gildi við þinglausnir, eins og dæmi voru um. Á þessu var hnykkkt enn frekar með því að bætt var við númerandi 2. mgr. 28. gr. stjskr., að bráðabirgðalög falli úr gildi hafi þingið ekki lokið afgreiðslu þeirra sex vikum eftir að það kom saman.

## 2.2. „þegar brýna nauðsyn ber til...“

Þegar þessi stjórnlagalega undirstaða heimildarinnar til að gefa út bráðabirgðalög er skoðuð er augljóst að mörg álitamál koma til skoðunar þegar meta þarf hvort heimildinni sé beitt með lögformlegum hætti. Þar kemur fyrst til skoðunar hvenær þær aðstæður eru uppi sem teljast réttlæta að „brýna nauðsyn“ beri til bráðabirgðalagasetningar. Bjarni Benediktsson segir að þegar Alþingi ekki situr kunni einhver þau atvik að bera að höndum sem geri löggið óumflýjanlega og tilgreinir tilefni bráðabirgðalögjafar nánar þannig: „Ófriður kann að brjótast út, pest í mönnum eða skepunum að koma upp, skyndilegir örðugleikar í atvinnulífi að rísa o.s.frv., og fram úr þessu verði ekki ráðið nema eldri lögum verði breytt eða alveg ný lög sett.“<sup>6</sup> Ólafur Jóhannesson nefnir sem dæmi

um aðstæður af þessi tagi „...erfiðleika í atvinnulífi, svo sem vorharðindi, óþurrkatíð og aflabrest, styrið sem vofir yfir eða er byrjuð, drepsótt í mönnum eða fenaði o.s.frv.“<sup>7</sup> Hér gera þessir tveir menn, sem báðir voru prófessorar í stjórnskipunarrétti og síðar forsætisráðherrar, ráð fyrir að miklir þjóðarhagsmunir séu í húfi. Fræðimenn eru þó sammála um að í reynd hafi þetta verið túlkað mjög frjálslega og þörfin til setningar bráðabirgðalaga ekki alltaf verið svo brýn að ekki hafi mátt biða næsta þings.<sup>8</sup> Pannig má til dæmis draga í efa að „brýn nauðsyn“ hafi verið fyrir hendi við setningu brbl. nr. 32, 14. júní 1960, um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi eða við setningu brbl. nr. 66, 5. sept. 1980, um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Á hinn böginn má viðurkenna að skilyrðið um brýna nauðsyn sé uppfyllt þegar heimildinni er beitt til að stöðva verkföll sem virðast óleysanleg að öðrum kosti og stefna í að valda þjóðarbúinu miklum fjárhagslegum skaða, eins og alloft hefur verið gert, síðast með bráðabirgðalögum nr. 1, 14 janúar 1994, til að stöðva sex vikna langt verkfall sjómanna<sup>9</sup>, eða til að bregðast við alvarlegum aðsteðjandi vanda sem ekki var unnt að sjá fyrir, eins og gert var til að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun flugflota landsmanna í kjölfar hryðjuverkaárasanna í Bandaríkjunum 11. september 2001, með bráðabirgðalögum nr. 18, 23. september 2001.<sup>9</sup>

Bráðabirgðalögum fylgir alltaf greinargerð fyrir útgáfú þeirra sem hefst á orðunum: „Forseti Íslands gerir kunnugt“ og svo fylgir að tiltekinn ráðherra hafi tjáð forseta að til staðar sé tiltekið nánar tilgreint ástand í þjóðfélaginu sem „brýna nauðsyn“ beri til að bregðast við með meðfylgjandi lögum. Í langflestum tilvikum koma orðin „brýn nauðsyn“, „nauðsynlegt“ eða „óhjákvæmilegt“ fyrir í þessum rökstuðningi, enda skilyrði fyrir setningu bráðabirgðalaga skv. númerandi 28. gr. stjskr. Þó eru dæmi um að þetta orðalað sé ekki notað, annaðhvort vegna þess að það hafi fallið niður fyrir misgáning<sup>10</sup> eða jafnvæl vegna þess að ekki hafi verið gerð tilraun til að sýna fram á að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfú tiltekinna bráðabirgðalaga. Svo var til dæmis við setningu brbl. nr. 79, 1. ágúst 1961,

<sup>4</sup> Sbr. 5. gr. frv. til stjórnskipunarlaga og greinargerð með því, Alþ. 113. löggjb. 1990-91, A, þskj. 556 og framsöguræðu Ólafs G. Einarssonar, Alþ. 113. löggjb. 1990-91, B d. 3079-3096.

<sup>5</sup> Bjarni Benediktsson: Ágríp af íslenskri stjórnlagasfræði II., bls. 57-58.

<sup>6</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 323.

<sup>7</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 313, Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 326.

<sup>8</sup> Brbl. nr. 1/1994 um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og í Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

<sup>9</sup> Brbl. nr. 18/2001 um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða ápekkra atvika.

<sup>10</sup> Sbr. brbl. nr. 60, 11. júlí 1986, um stöðvun verkfalls flugvirkja og flugvélstjóra í Flugvirkjafélagi Íslands sem starfa hjá Arnarflugi hf.

um breytingu á lögum nr. 10, 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands, sem fólu í sér að valdið til að ákvarða gengisskráningu íslensku krónunnar var fært frá Alþingi og afhent hinum nýstofnaða Seðlabanka. Í greinargerð með þessum bráðabirgðalögum segir að vegna mikilla kauphekkana „...beri nauðsyn til að endurskoða gengisskráninguna“ og „...þyki eðlilegast, að Seðlabanki Íslands, skrái gengi íslenskrar krónu..., enda sé sú skipan algengust í nálægum löndum.“ Ríkisstjórninni var auðvitað í lófa lagið að breyta gengi krónunnar með bráðabirgðalögum ef hún taldi brýna nauðsyn til þess. Það er hins vegar umdeilanlegra hvort ríkisstjórninni var heimilt að framselja það vald varanlega til annarra stjórnvaldsstofnana með bráðabirgðalögum. Petta orkar enn meira tvímælis þegar haft er í huga að við umræður á Alþingi um frumvarpið um Seðlabankann, sem tók gildi aðeins fjórum mánuðum áður en bráðabirgðalögfinn voru sett, var rætt um hvort fela ætti Seðlabankanum þetta vald en því var hafnað af löggjafanum og ákvæðið að halda valdinu til að ákvarða gengi krónunnar hjá Alþingi. Það er augljóslega farið talsvert langt á svig við 28. gr. stjskr. að ganga gegn nokkurra mánaða gamalli ákvörðun löggjafans með þeim rökum að það „þyki eðlilegast“, enda sættu þessi bráðabirgðalög harðri gagnrýni á Alþingi.<sup>11</sup>

### **2.3. ....getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög..."**

Eins og að framan greinir kveður bráðabirgðalaheimild 28. gr. stjskr. á um að forsetinn geti gefið út bráðabirgðalög og er það í samræmi við 2. gr. stjskr. þar sem segir: „Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið.“ Hins vegar verður þessi grein ekki metin nema með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. stjskr. um að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. Það eru því í reynd ráðherrar sem setja bráðabirgðalög en þau öðlast þó ekki lagagildi nema með undirritun forseta svo sem gildir um önnur lög. Forseti getur að sjálfsögð neytt þess réttar sem hann hefur skv. 26. gr. stjskr. að neita að undirrita lög en að mati fræðimanna nær sá réttur forseta einnig til bráðabirgðalaga.<sup>12</sup> Í 60 ára sögu lyðveldisins hefur forseti aðeins einu sinni nýtt þessa heimild, enda tekju lögın engu að síður gildi og héldu því þar til úr gildi þeirra hefði verið skorið í þjóðaratkvædagreiðslu. Bráðabirgðalög gætu hins vegar aldrei tekið gildi nema með undirritun forseta.

Í ljósi þessa hlýtur að vera álitamál hversu miklu löggjafarvaldi handhafar framkvæmdavaldsins geti framselt til sjálfssín með útgáfu bráðabirgðalaga. Samræmist það til að mynda hugmyndum um lyðraði að ráðherra geti með atbeina forseta við útgáfu bráðabirgðalaga, fengið skattlagningarávaldið framselt sjálfum sér til handa, þrátt fyrir ákvæði 40. gr. stjskr. um að engan skatt megi á leggja né af taka nema með lögum? Draga má í efa að það hafi verið ætlun stjórnarskrárgjafans að orðalagið „með lögum“ næði einnig til bráðabirgðalaga, enda væri þá ekki gerður jafnskýr greinarmunur á lagasetningu með þessum tvönum hætti og raun ber vitni. Mýmorg dæmi eru hins vegar um að bráðabirgðalögjafarvaldinu hafi verið beitt með þessum hætti.<sup>13</sup>

Enn áleitnari er í raun spurningin um hvort bráðabirgðalögjafinn geti framselt sjálfum sér vald til að ákveða skipun dómsvaldsins í landinu meðan Alþingi ekki situr, með hliðsjón af hinu skýra ákvæði 59. gr. stjórnarskrárinnar: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.“ Vafasamt er að nokkur treysti sér nú til að færa að því rök að túlka megi þetta ákvæði svo rúmt að „með lögum“ merki hér einnig með bráðabirgðalögum, en engu að síður var því beitt þannig árið 1954. Tildróg þess voru að með forsetaúrskurði um skiptingu starfa milli ráðherra hafði utanríkisráðherra verið falið að fara með dómsmál á varnarsvæðum bandaríksa hersins. Maður sem ákærður hafði verið samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra og dæmdur í undirrétti fyrir lögbrot á varnarsvæðunum, áfrýjaði máli sínu til hæstaréttar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt með forsetaúrskurði að breyta pálgildandi lögum um meðferð opinberra málá, sem yrðu ekki skilin á annan veg en að einn og sami dómsmálaráðherra færí með ákærvaldið á landinu öllu, og vísaði málinu því frá dómi. Ríkisstjórnin brást við með því að setja brbl. nr. 78, 2. júlí 1954, um yfirstjórn málá á varnarsvæðunum o.fl., þar sem dómsvaldið á þessum tiltekna landshluta væri í höndum utanríkisráðherra og setti þar með það fordæmi að dómsvaldinu megi skipa með bráðabirgðalögum.<sup>14</sup>

### **2.4. ....er Alþingi er ekki að störfum."**

Það er einnig mikil álitamál hvernig beri að skilja og túlka það orðalag 28. gr. stjskr. að bráðabirgðalög megi gefa út „....er Alþingi er ekki að störfum.“

<sup>11</sup> Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: Bráðabirgðalög, bls. 25-33.

<sup>12</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 311.

<sup>13</sup> Sbr. brbl. nr. 65 frá 16. júlí 1975 um sérstakt tímabundið vörugjald, brbl. nr. 91, 5. júlí 1976, um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt, brbl. nr. 96, 8 sept. 1978, um kjaramál, brbl. nr. 65, 24. júlí 1980, um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs og brbl. nr. 68, 10 júlí 1987, um ráðstafanir í efnahagsmálum.

<sup>14</sup> Hrd. 13/1954. (Hrd. 1954, 439.) Sigurður Líndal: Um lög og lögfræði, bls. 101.

Stjórnlagabreytingunni 1991 var sem fyrr er sagt ætlað að minnka það svigrúm sem handhafar framkvæmdavaldsins og forseti hefðu í þessum efnunum. Þótt mikill meirihluti bráðabirgðalaga hafi verið settur á miðju sumri hefur það þó gerst margssinnis að bráðabirgðalög hafi verið sett meðan pingi hefur verið frestað í jólaleyfi,<sup>15</sup> strax eftir þinglausnir að vori eða nokkrum dögum fyrir þingsetningu að hausti.<sup>16</sup>

Í ljósi þess að það virðist vera orðin stjórnskipunarvenja að heimilt sé að gefa út bráðabirgðalög þótt Alþingi sé í stuttu leyfi, nýhætt störfum eða jafnvel að koma saman innan nokkurra daga, vakna að sjálfsögðu ýmsar spurningar um hvernig þessi venja horfir gagnvart þingræðinu sem á sér stoð í 1. gr. stjskr., og lýðræðishefðinni, sem er hin óskráða grundvallarregla stjórnskipunarinnar. Samrýmist það til að mynda hugmyndum manna um þingræði og lýðræði að handhafar framkvæmdavaldsins setji með atbeina forseta bráðabirgðalög um kosningar til Alþingis og um starfshætti lögjafarsamkomunnar? Þetta hefur engu að síður alloft gerst, síðast vorið 1983.<sup>17</sup>

**2.5. „Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út...”**  
Í síðustu málsgrein 28. gr. stjórnarskráinnar segir: „Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið.” Þessi grein var sett inn í íslensku stjórnarskrána árið 1915 eftir fyrirmund úr dönsku stjórnarskránni en í Danmörku var tilefni þessa ákvæðis grófleg misbeiting bráðabirgðalögjafarvaldsins hjá ríkisstjórnunum er sátu þar í landi um aldamatíni 1900. Þegar þetta ákvæði er skoðað með hliðsjón af 41. gr. stjskr., sem kveður á um að ekkert gjald megi greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárlögum eða aukafjárlögum, mætti ætla að bráðabirgðalögjafinn hefði nær ekkert svigrúm til að ráðstafa fjármunum ríkissjóðs.

Reyndin hefur hins vegar orðið önnur. Bjarni Benediktsson nefnir í grein sinni um bráðabirgðalög að pingmenn hafi sérstaklega fundið að því að ríkisstjórnir skuli hafa bundið sig um ábyrgð á lántökum samkvæmt bráðabirgðalögum og haldið því fram að

varaamt væri að hún veiti sjálfri sér lánshheimild.<sup>18</sup> Augljóst er þegar skoðuð eru útgefín bráðabirgðalög að þessi frjálslega túlkun ríkisstjórnna á 28. og 41. gr. stjskr. er ekki bundin við þann tíma sem Bjarni fjallar um, það er fyri hluta 20. aldar. Eftir þann tíma er að finna margvislegar lántökuehimildir sem ríkisstjórnir hafa gefið út sjálfum sér til handa og ráðstöfun á fjármunum sem oft skiptu verulegum fjárhæðum á mælikvarða ríkissjóðs.<sup>19</sup> Síðustu dæmi þess eru brbl. nr. 83, 28. sept. 1988, um efnahagsaðgerðir (Atvinnutryggingasjóður) og brbl. nr. 86, 28. maí 1993, um efnahagsaðgerðir vagna kjarasamninga, þar sem bráðabirgðalögjafinn tók sér fjárveitingavaldið og veitti fjármálaráðherra heimild til að verja einum milljarði til atvinnuskapandi aðgerða.

Má augljóst vera að með hliðsjón af 3. mgr. 28. gr. og 41. gr. stjskr. hafi bráðabirgðalagaheimildin oft og tiðum verið afar frjálslega og rúmt túlkuð. Er reynar álitamál hvort nokkur leið sé til að túlka ofangreinda bráðabirgðalagasetningu innan þess ramma sem ákvæðin setja eftir orðanna hljóðan.

**2.6. „Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána.”**

Um bráðabirgðalög gildir að sjálfsögðu jafnt og um almenn lög að þau mega ekki „...riða í bág við stjórnarskrána”, en sú staðreynd að þetta hefur verið áréttuð sérstaklega hvað bráðabirgðalöggin varðar allt frá upphafi sýnir hvað stjórnarskrárgjafanum hefur verið þetta ofarlega í huga. Hins vegar eru að minnsta kosti tvö dæmi þess frá síðari árum að sett hafi verið bráðabirgðalög sem stangast á við stjórnarskrána á grundvelli dómafördæma sem hæstiréttur hafði skapað með hliðsjón af almennum lögum, og varða bæði óheimilt framsal á skattlagningarvaldi til ráðherra.

Í fyrri dómnum, sem kveðinn var upp í febrúar 1986, er fjallað um heimild í lögum til handa ráðherra að ákvæða með reglugerð bifreiðagjald á dísilbifreiðar í stað þungaskatts. Í dómi hæstaréttar segir: „Ekki er að finna í lögunum ákvæði er takmarki heimild ráðherra til ákvörðunar á gjaldstiganum eða breytingu á þeim.

<sup>15</sup> Brbl. nr. 6, 4. febrúar 1942, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942, brbl. nr. 1, 19. jan. 1954, um löggreglustjóra á Keflavíkflugvelli, brbl. nr. 96, 31. des. 1957, um breytingu á lögum nr. 44, 3. júní 1957, um skatt á stóreignir, brbl. nr. 1, 11. jan. 1972, um breytingu á umferðarlögum og brbl. nr. 1, 13. jan. 1990, um viðauka við lög um skipan dómsvalds í heraði.

<sup>16</sup> Sbr. brbl. nr. 68, 26. sept. 1957, um breytingu á lögum nr. 66/1945 um útsvör, brbl. nr. 81, 21. september 1982, um Olíusjóð fiskiskipa og hækkun fiskverðs og brbl. nr. 83, 28. september 1988, um efnahagsaðgerðir.

<sup>17</sup> Sbr. brbl. nr. 60, 12. sept. 1952, um breytingu lögum nr. 115/1936 um þingskóp Alþingis, brbl. nr. 4, 3 27. maí 1953, um breytingu á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, brbl. nr. 60, 26. maí 1956, um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis nr. 80, 7. sept. 1942, brbl. nr. 89, 22. október 1979, um viðauka við lög nr. 52, 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis og brbl. nr. 49, 22. apríl 1983, um breytingar á lögum nr. 52, 14. apríl 1959, um kosningar til Alþingis.

<sup>18</sup> Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstáða Alþingis til útgáfu peirra, bls. 157.

<sup>19</sup> Sbr. brbl. nr. 127, 24. maí 1951, um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántoku í Alþjóðabanknum í Washington vegna Sogs- og Laxárvirkjana, brbl. nr. 88, 1. sept. 1970, um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar, brbl. nr. 71, 4. júní 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á þyrli, brbl. nr. 83, 18. sept. 1972, um lántökuehimild vegna framkvæmda- og fjárlöflunaraðlunnar 1973, brbl. nr. 87, 16. okt. 1979, um heimild til viðbótarlántoku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á svöldi orkumála 1979 o.fl. og brbl. nr. 45, 30. mars 1983, um lántoku Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fallast ber á það með áfrýjanda að jafnvíðtækt framsal löggjafans á skattlagningarávaldi og hér ræðir um brjóti í bága við 40. gr. stjórnarskrár "...og skatttakan því eigi gild að lögum."<sup>20</sup> Síðar á árinu 1986 var kveðinn upp annar dómur er staðfesti þá reglu að í skattalögum verði að vera ákvæði sem takmarki heimild ráðherra til ákvörðunar á gjaldstigum. Það mál varðaði álagningu búnaðarmálasjóðsgjalds samkvæmt lögum en hæstiréttur komst að eftirfarandi niðurstöðu: „Við lokafrágang frumvarpsins hefur ákvæðið um skattprósentuna sjálfa fallið niður. Geta löginn í þeiri mynd ekki verið grundvöllur heimtu gjalds þess í búnaðarmálasjóð sem krafist er lögtaks fyrir í máli þessu.”<sup>21</sup> Engu að síður voru í kjölfar þessa sett tvenn bráðabirgðalög á árunum 1987 og 1988,<sup>22</sup> sem bæði vörðuðu heimild ráðherra til að leggja gjald á fiskútflutning en stönguðust á við 40. gr. stjskr., samkvæmt því fordæmi sem hæstiréttur hafði áður mótað um takmarkanir á framsali skattlagningarávalds til ráðherra. Jón Steinar Gunnlaugsson hr. segir að það sé eins og handhafar löggjafarvaldsins hafi ekki frétt af þessum dónum<sup>23</sup> og svo virðist sem bráðabirgðalöggyfainn hafi ekki frétt af þeim heldur.

### 3. AFSTAÐA LÖGGJAFANS TIL SETNINGAR BRÁÐABIRGÐALAGA

**3.1. Beiting bráðabirgðalaheimildarinnar**  
Frá því að heimildin til setningar bráðabirgðalaga var sett í stjórnarskrá árið 1874 og fram til ársins 2003 hafa verið sett samtals 448 bráðabirgðalög á Íslandi. Bráðabirgðalaheimildinni var frekar sparlega beitt fyristu árin, ólíkt því sem ætla hefði mátt miðað við að þá voru frekar aðstaður til að nýta heimildina umfram það sem síðar varð. Á fjörutíu ára tímabili frá 1874 til upphafs fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914 voru til dæmis aðeins gefin út 10 bráðabirgðalög. Útgáfa þeirra jókst að vonum á styrlaldarárunum, þegar gefin voru út að meðaltali 4-5 bráðabirgðalög á ári. Eftir það lagðist beiting þessarar heimildar af í nær hálfan annan áratug en jókst svo aftur á fjórða áratugnum og í síðari heimsstyrjöldinni. Við upphaf hernáms Íslands árið 1940 voru til dæmis gefin út 15 bráðabirgðalög.<sup>24</sup> Á sjö áratuga tímabili frá setningu stjórnarskrárinna 1874 til loka heimsstyrjaldarinnar síðari 1945 voru þannig gefin út 177 bráðabirgðalög<sup>25</sup> og nær þetta tímabil þó yfir tvær

heimstyrjaldir og kreppuna miklu á fjórða áratugnum.

Eftir 1944 er hins vegar eins og allt aðhald í þessum efnunum bresti. Á árunum 1944 og fram að stjórnlagabreytingunni 1991 voru gefin út 263 bráðabirgðalög en það jafngildir tæplega sex bráðabirgðalögum á ári hverju.<sup>26</sup> Frá 1991 og fram á þetta ár hafa hins vegar aðeins verið gefin út átta bráðabirgðalög.

Útgáfa bráðabirgðalaga á tímabilinu frá 1944-1991 var hins vegar afar mismunandi eftir árum. Að undanskildu árinu 1989 voru öll árin gefin út einhver bráðabirgðalög, sum árin að vísu aðeins ein en önnur ár var heimildin nýtt viðstöðulítið. Pannig voru til dæmis gefin út 12 bráðabirgðalög árið 1952, níu árið 1961, sjö árið 1970, 15 árið 1979 og 14 árið 1983. Verður ekki ráðið af efni þessara bráðabirgðalaga að verulega brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu þeirra allra, né heldur að efnahagsleg óáran hafi alltaf verið með verra móti þessi ár umfram önnur. Virðist mega álita að fjöldinn hafi að sumu leyti ráðist af túlkun ríksstjórnar á hverjum tíma á því hvað faelist í heimildinni, stjórnmalalegri stöðu þeirra á Alþingi og viðhorfi þeirra til þess hvort eðlilegt væri að efnahagsstefnu þeirra væri hrundið í framkvæmd með bráðabirgðalögum án samráðs við löggjafarþingið. Þess verður þó að geta að árið 1983, þegar gefin voru út 14 bráðabirgðalög, var mesta óðaverðbólga í sögu lýðveldisins þegar verðbólgan á árinu komst yfir 80%. Ráðuneyti Gunnars Thoroddsen missti þingmeirihluta sinn og fór frá eftir kosningar um vorið og við tók ráðuneyti Steingríms Hermannssonar sem gaf út nær öll bráðabirgðalögini þetta ár til viðnámsm því ástandi sem þá ríkti.

**3.2. Viðbrögð löggjafarvaldsins**  
Svo er að sjá sem alþingismenn hafi löngum ekki verið ykkja gagnrýnir á hvernig ríksstjórnir á hverjum tíma nýttu sér heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga. Stjórnarandstöðupiðingmenn höfðu þó oft uppi gagnrýni þegar frumvörp til staðfestingar bráðabirgðalögnum komu til umræðu á Alþingi en þeir voru, eins og verða vill í stjórnmalum, jafnáskar verjendur bráðabirgðalagasetningar þegar í hlut átti ríksstjórn sem þeir sjálfr áttu aðild að. Bjarni Benediktsson segir í grein sinni um bráðabirgðalög

<sup>20</sup> Hrd. 204/1985, 27. febr. 1986. (Hrd. 1986, 462.)

<sup>21</sup> Hrd. 114/1985, 21. október 1986. (Hrd. 1986, 1361.)

<sup>22</sup> Brbl. nr. 66, 10. júlí 1987, um aðgerðir í sjávarútvegi og brbl. nr. 83, 28. sept. 1988, um efnahagsaðgerðir.

<sup>23</sup> Jón Steinar Gunnlaugsson: Hugleïðing um handhafa ríkisvaldsins, bls. 12-13.

<sup>24</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 329.

<sup>25</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 317.

<sup>26</sup> Sjá Stjórnartíðindi: Efnisyfirlit A- og B-deilda árin 1951-1961, Efnisyfirlit A- og B-deilda árin 1962-1970, Efnisyfirlit A- og B-deilda árin 1971-1980, Efnisyfirlit A- og B-deilda árin 1981-1990.

árið 1955:

„Sá, er þetta ritar hefur hvergi fundið dæmi þess, að til árekstrar hafi komið milli pings og stjórnar út af bráðabirgðalögum. Yfирgnæfandi meiribluti þeirra er beinlínis sampaþkkur af Alþingi, þau tiltíslulega fáu, sem eru óútrædd, verða það síður en svo vegna ósampaþkkis við stjórnina, og um hin örðfáu, sem felld eru, gilda sérstakar ástæður. Alþingi hefur þess vegna í meðferð sinni á bráðabirgðalögunum staðfest hina viðtæku beitingu ríkisstjórnarinnar á þessu úrræði.“<sup>27</sup>

Petta er örugglega rétt mat hjá Bjarna Benediktssyni um þann tíma sem hann ritar og næstu two áratugi þar á eftir. Eftir bráðabirgðalagaholskeflurnar 1979, sem að mestu leyti voru á ábyrgð minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins undir forsæti Benedikts Gröndal, og svo aftur 1983, virðist hins vegar sem þingmenn í öllum flokkum fari að draga notkun heimildar 28. gr. stjskr. verulega í efa. Í skýrslu sem svonefnd stjórnarskrárnefnd Alþingis, sem skipuð var fulltrúum allra stjórnálflokka, skilaði af sér árið 1983 mun fyrst hafa komið fram formleg krafa um að 28. gr. yrði felld út úr stjórnarskránni. Sú tillaga kom reyndar frá Alþýðuflokknum. Nefndin í heild vildi þó ekki gera þetta að tillögú sinni, en lagði til að heimildin yrði þrengd.<sup>28</sup> Tillögur nefndarinnar urðu þó ekki að veruleika að þessu sinni, enda tók við tímabil afar frjálslegrar beitingar bráðabirgðalagaheimildarinnar sem náði hámarki í lok 9. áratugarins með hinum umdeildu brbl. um efnahagsaðgerðir nr. 83, 28. sept. 1988, sem áður er getið, brbl. nr. 1, 13. jan. 1990, um skipan dómsvalds í heraði o.fl. og brbl. nr. 89, 3. ágúst 1990, um launamál þar sem félagsmenn BHMR voru sviptir umsöndum launahækjunum, sem vikið verður að í næsta kafla.

Vaxandi óánægju gætti meðal þingmanna með þessa þróun málá og má meðal annars sjá hana í eftirfarandi athugasemdu með nefndaráliti allsherjarnefndar Alþingis um staðfestingarfrumvarp bráðabirgðalaganna nr. 1/1990 um skipan dómsvalds í heraði, sem sett voru í jólaleysi þingmanna:

„Samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar skal ekki gefa út bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til. Í umræðum innan nefndarinnar kom fram að óvist

hafi verið hvort dráttur á lögfestingu þessara ákvæða, uns Alþingi kom aftur til funda, hefði valdið miklum vanda. Vill nefndin leggja áherslu á að getilega sé farið með þessa heimild stjórnarskrárinnar.“<sup>29</sup>

Má fullyrða að þetta hljóti að vera í fyrsta sinn sem slík athugasemd kemur fram á Alþingi frá stuðningsmönnum peirrar ríkisstjórnar sem sett hefur bráðabirgðalögin.

Á Alþingi 1990 lögðu þingmenn Kvennalistans fram frumvarp til stjórnarskipunarlagu, þar sem lagt var til að 28. gr. stjskr. yrði felld niður.<sup>30</sup> Það frumvarp varð þó ekki útrætt, enda skipuðu forsetar Alþingis nefnd formanna allra þingflokkja haustið 1990 er skyldi gera tillögur um breytingar á stjórnarskránni, einkum afnám deildaskiptingar þingsins. Nefndin starfaði hins vegar í skugga þeirra átaka sem staðið höfðu eftir bráðabirgðalagasetninguna 3. ágúst þá um haustið þegar sett voru fyrrgreind brbl. nr. 89/1990 um launamál BHMR. Ætla má að meirihluti þingmanna væri nú hlynntur því að afnema heimildina til bráðabirgðalagasetningar úr stjórnarskrá, eins og síðar verður vikið að. Um það sjónarmið náðist hins vegar ekki almenn sátt innan nefndarinnar sem lagði frumvarp til stjórnarskipunarlagu fram 29. janúar 1991, þar sem gert var ráð fyrir að stjórnarskránni væri breytt þannig að deildaskiptingin yrði afnumin, Alþingi sæti lengur en áður, Alþingi væri ekki rofið að vori heldur væri fundum þess aðeins frestað og að settar væru skorður við bráðabirgðalagasetningum með þeim hætti sem sagt er frá hér að framan.<sup>31</sup> Í framsögu fyrir frumvarpinu 1. febrúar 1991 sagði Ólafur G. Einarsson, þingfloksformaður Sjálfstæðisflokkssins:

„...við leggjum til að þingið verði sett 1. okt. og það starfi fram í maí, lengur eða skemur eftir því sem verkast vill. Þá sé þingfundum frestað til loka þingársins með því skilyrði að það sé kallað saman ef nauðsyn krefur, t.d. til þess að afgreiða aðkallandi löggjöf að ósk ríkisstjórnar eða efna til mikilvægra umræðna.

Við teljum þetta mikilsverða breytingu sem treysti störf Alþingis og stöðu löggjafarsamkundunnar í stjórnkerfinu. Alþingi er því starfshæft allt árið og getur komið til funda mjög skjótlega ef þörfir á.

Þessa breytingu ber að nokkru leyti að tengja þeirri umræðu sem verið hefur um bráðabirgðalög nú upp

<sup>27</sup> Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstaða Alþingis til útgáfu þeirra, bls. 43.

<sup>28</sup> Skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, bls. 10-11.

<sup>29</sup> Alpt. 112. löggbj. 1989-90, A þskj. 879. Nefndarálit um frv. til I. um viðauka við lög um skipan dómsvalds í heraði, löggreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74, 27. apríl 1972.

<sup>30</sup> Alpt. 113. löggbj. 1990-91, A þskj. 2. Frumvarp til stjórnarskipunarlagu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33, 17. júní 1944.

<sup>31</sup> Alpt. 113. löggbj. 1990-91, A þskj. 556. Frumvarp til stjórnarskipunarlagu um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

á síðkastið. Við ræddum ítarlega um það í nefndinni, þingflokkförmenn, hvort gera ætti verulegar breytingar á heimild forseta, de facto ríkisstjórnar, til þess að gefa út bráðabirgðalög. Um það voru ákaflaga skiptar skoðanir, allt frá því að afnema bæri með öllu rétt til útgáfu bráðabirgðalaga til þess að gera nánast engar breytingar á nágildandi stjórnarskrárvæðum um þetta efni. Niðurstaða okkar varð síða að gera nokkrar breytingar á ákvæðunum um útgáfu bráðabirgðalaga og meðferð þeirra á Alþingi en jafnframt þessa breytingu á starfstíma Alþingis í því skyni að ekkert stæði í vegi fyrir því formlega að Alþingi gæti komið saman til fundar með stuttum fyrirvara ef eftir því væri óskað og ríkisstjórn teldi það mikilvægt.

Þetta var síðurstaða sem unnt var að fá með samþykkt allra nefndarmanna.<sup>32</sup>

Ræða þessi sýnir glögglega hver var vilji löggjafans með þeim breytingum sem verið var að gera á stjórnarskránni, ekki aðeins á 28. gr. heldur einnig öðrum greinum sem áttu að styrkja vald Alþingis gagnvart bráðabirgðalöggyjafanum. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 56/1991.

### 3.3. Áhrif stjórnarskrárbreytingarinnar árið 1991

Áhrif stjórnarlagabreytingarinnar 1991 urðu veruleg með hliðsjón af því að á 12 ára tímabili sem síðan er liðið hafa aðeins verið gefin út átta bráðabirgðalög. Hins vegar urðu áhrifin ef til vill ekki jafnmikil og margir þingmenn gerðu sér vonir um eða í samræmi við framangreindar væntingar framsögumanns frumvarpsins. Alþingi hefur til dæmis aldrei verið kallað saman til að setja lög um aðkallandi mál þar sem annars yrði beitt bráðabirgðalögum.

Þau bráðabirgðalög, sem gefin hafa verið út á þessu tímabili, hafa þó flest verið nær því sem ætla má að stjórnarskrárgjafinn hafi upphaflega hugsað sér með heimildinni, þ.e. sem einhvers konar neyðarréttur, þó sumt kunní þar enn að orka tvímaelis. Hér er um að ræða brbl. nr. 66, 3. júlí 1992, um breytingu á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum, sem sett voru í kjölfar þess að Kjaradómur hækkaði laun embættismanna umfram það sem samið var um í almennum kjarasamningum, brbl. nr. 86, 28. maí 1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, þar sem bráðabirgðalöggyjafinn tók sér reyndar fjárveitingavalda og veitti fjármálaráðherra heimild til að verja einum milljarði til atvinnuskapandi aðgerða, brbl. nr. 1, 14. jan. 1994, um stöðvun verkfalls fiskimanna, sem afnámu verkfallsrétt og voru að auki sett í

pinghléi. Í kjölfarið koma svo tvenn bráðabirgðalög lagatæknilegs eðlis, brbl. nr. 112, 28. júní 1994, um breytingu á lyfjalogum, nr. 93/1994, sem voru sett vegna þess að við setningu lyfjalaga hafði láðst að gæta samræmis við önnur lög um lyfadreifingu og lyfjabúðir og brbl. nr. 100, 10. júlí 1998, um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998, til að eyða óvissu um gildistöku nýsettra laga sem kváðu á um að þau skyldu taka gildi 1. júní 1988, en voru engu að síður ekki birt opinberlega fyrr en 5. júní það ár.

Næst líða þrjú ár þar til gefin eru út bráðabirgðalög sem falla fullkomlega að því neyðarréttarúrræði sem bráðabirgðalög ættu að vera, en það eru brbl. nr. 118, 23. sept. 2001, um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika. Þau eru eins og nafnið ber með sér sett vegna hryðjuverkaárasanna á Tvíbururnana og Pentagon í Bandaríkjunum 11. september 2001, en í kjölfar þeirra sögðu tryggingafélög upp öllum samningum um tryggingar flugvéla og hækkuðu iðgjöld með þeim hætti að millilandaflugfloti Íslendinga hefði stöðvast ef ekki hefði komið til tryggingaábyrgð ríkissjóðs á flugvélunum. Þessi bráðabirgðalög voru svo framlengd með brbl. nr. 156, 27. des. 2001.

ENN ER ÞÓ EFTIR AÐ GETA SÍÐUSTU BRÁÐABIRGÐALAGA SEM SETT HAFA VERIÐ HÉR Á LANDI, EN ÞAÐ ERA BRBL. NR. 103, 1. JÚLÍ 2003, UM BREYTINGU Á LÖGUM NR. 76/1970 UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI, LÖGUM NR. 54/1990 UM INNFLTNING DÝRA OG LÖGUM NR. 25/1993 UM DÝRASJÚKDÓMA OG VARNIR GEGN ÞEIM MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM. MÁL ÞETTA SNÝST I STUTTU MÁLI UM ÞAÐ AÐ STJÓRNVÖLD Í SKOTLANDI OG Á ÍRLANDI LÖGÐU BANN VIÐ INNFLTNINGI ELDISFISKIS OG AFURÐA ÞEIRRARA FRÁ ÍSLANDI MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESS AÐ ÍSLENSKAR FISKELDISSTÖÐVAR HEFÐU EKKI SAMBÆRILEGAR TRYGGINGAR FYRIR HEILBRIGÐISÁSTANDI ELDISDÝRA OG GILLA Í ÞESSUM LÖNDUM. KOM ÞAÐ TIL AF ÞVÍ AÐ EFTIRLITTSSTOFNUN EFTA TALDI SÉR EKKI HEIMILT AÐ GEFA ÚT SLÍKAR TRYGGINGAR FYRIR ÍSLAND FYRR EN LÖGGJÖF HÉR Á LANDI HEFÐI VERIÐ AÐLÖGUÐ ÁKVÆÐUM NOKKURRA TILSKIPANA EVRÓPUSAMBANDSINS, SEM ALLAR VÆRU HLUTI AF EES-SAMNINGNUM. Í RÖKSTUÐNINGI LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA MEÐ BRBL. ER FRÁ ÞVÍ GREINT AÐ ÍSLENSK FYRIRTÆKI HAFI AÐ UNDANFÓRNU FLUTT ÚT ELDISFISK OG HROGN TIL YMISSA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS, EN VIÐSKIPTABANNIÐ TEFLDI REKSTRARGRUNDVELLI ÞESSARA FYRIRTÆKJA Í TVÍSÝNU. Í HÚFI VÆRU MIKLIR FJÁRHAGSLEGIR HAGSMUNIR OG TUGIR

<sup>32</sup> Alpt. 113. löggiþ. 1990-91, B d. 3090.

starfa, enda blöstu uppsagnir við ef ekkert yrði að gert.

Bráðabirgðalög þessi, sem staðfest voru með lögum 10. nóvember 2003, eru í raun afturför frá því ástandi sem verið hafði í bráðabirgðalagasetningu í rúman áratug. Í fyrsta lagi verður ekki séð að mjög brýna nauðsyn hafi borið til bráðabirgðalagasetningarinnar og varla svo ríkir fjárhagslegir hagsmunir að þeir réttlæti aðgerðina. Í öðru lagi var hér verið að setja bráðabirgðalög sem voru samhljóða frumvarpi sem lagt hafði verið fyrir Alþingi, en þingmenn þá ekki talið málid þannig vaxið að hægt væri að afgreiða það sem lög.<sup>33</sup> Nauðsynin var samt ekki talin svo brýn að ráðherra teldi ástæðu til að leggja það aftur fyrir næsta þing, sem reyndar var vorþing að loknum kosningum. Það sem olli vafa þingmanna var sú staðreynd, sem ekki er reifuð í rökstuðningi ráðherra, að með því að greiða fyrir útflutningi eldisfisks í samræmi við EES-samninginn þurfti samhliða að opna fyrir slíkan innflutning hingað til lands. Landbúnaðarráðherra fékk harðar ákúrur frá þingmönnum, meðal annars sínum eigin samflokksmönnum eins og fram kom í ræðu Kristins Gunnarssonar á Alþingi 9. október 2003:

„Ég veit reyndar engin dæmi þess að ríkisstjórn hafi beitt bráðabirgðalagaákvæðinu gagnvart málí sem búið var að leggja til efnislegrar umfjöllunar á Alþingi. Og ef menn ætla að fallast á það að hægt sé að beita bráðabirgðalagaákvæðinu í þessu ljósi þá er þingið búið að gefa alveg opinn skilning á það að setja megi bráðabirgðalög um hvaða mál sem ekki fer hér í gegnum þingið. Ég veit að það er ekki meinung ríkisstjórnarinnar að opna svo þessar heimildir að hún geti vísað til þessa fordæmis síðar meir en þingið getur ekki að minnu viti látið tilkun þessa stjórnarskrárákvæðis þróast með þessum hætti.“<sup>34</sup>

Hvað gagnrýnisatriði þingmannsins varðar er þó að minnsta kosti eitt annað dæmi um að bráðabirgðalögum hafi verið beitt gagnvart málí sem lagt hafði verið fyrir Alþingi, en það eru brbl. nr. 79/1961 um gengisskráningarvald Seðlabankans sem áður eru nefnd. Fræðimenn eru þó almennt peirrar skoðunar að það sé varhugavert að beita

bráðabirgðalögum með þessum hætti.<sup>35</sup>

## 4. BRÁÐABIRGÐALÖG SEM RÉTTARHEIMILD

### 4.I. Álit fræðimanna á hver meti hina brýnu nauðsyn

Í riti sínu, Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraði frá árinu 1940, segir Bjarni Benediktsson að það hafi engin áhrif á gildi bráðabirgðalaga þó að telja verði að þau hafi verið sett án brýnnar nauðsynjar. Borgurunum bæri jafnt að fara eftir þeim og dólmstólunum að leggja þau til grundvallar dóum sínum. „Bráðabirgðalögjafinn sjálfur, þ.e. í framkvæmd ráðherra, sker úr, hvort nauðsyn er brýn eða ekki.“<sup>36</sup> Ólafur Jóhannesson er ekki jafnafráttarlaus í riti sínu um stjórnskipun Íslands, þar sem hann reifðar sjónarmið um hver eigi endanlegt mat um það hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga, hvort bráðabirgðalögjafinn eigi þar sjálfur fullnaðarúskurð eða hvort dólmstólarinnir geti metið það eftir á. Hann bendir á að hér á landi hafi almennt verið litið svo á að þetta yrði bráðabirgðalögjafinn sjálfur, eða í reynd ráðherra, að meta. En hann bætir svo við:

„Pessi skilningur sýnist þó engan veginn sjálfsgöður samkvæmt edlisrökum. Dómstólarinnir verða stundum að úrskurða um matskennd atriði. Og eigi að vera aðbala í skilyrði sem þessu [um brýna nauðsyn], er úrskurðarvaldið bezt komið hjá dólmstólunum. En eins og framkvæmdinni hér befur verið háttad, er hæfið að almennir dólmstólar treysti sér til að leggja dórm á þetta atriði.“<sup>37</sup>

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. tekur hins vegar enn dýpra í árinni í lokaritgerð sinni um bráðabirgðalög frá árinu 1976. Hann telur engan vafa leika á að endanlegt úrskurðarvald um stjórnlagalegt gildi bráðabirgðalaga og mat á hinni brýnu nauðsyn til setningar þeirra sé hjá dólmstólunum en ekki hjá bráðabirgðalögjafanum. Ennfremur telur hann að dólmstólar eigi ekki að kinoka sér við að víkja slíkum lögum til hliðar ef þau standast ekki það mat:

„Eins og allir fræðimenn eru sammála um, að

<sup>33</sup> Alþ. 128. löggbj. 2002-2003, A þskj. 1104. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, lögum um innflutning dýra og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

<sup>34</sup> Alþ. 130. löggbj. 2003-04, B d. 416.

<sup>35</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 330, Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 318, Bjarni Benediktsson: Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraði II., bls. 59.

<sup>36</sup> Bjarni Benediktsson: Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraði II., bls. 59.

<sup>37</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 327.

dómstólar eigi að virða að vettugi bráðabirgðalög gefin út þegar Alþingi situr, þá tel ég jafnótvírætt að þeir eigi að meta bráðabirgðalög ógild þegar þau bera það með sér að vera gefin út að nauðsynjalaus. <sup>38</sup>

En eftir sem áður er því ósvarað hvaða mælikvarða eigi að leggja til grundvallar mati á því hvað gert er af brýnni nauðsyn eða að nauðsynjalausu.

Framangreind niðurstaða Ólafs Jóhannessonar, að hæpið sé að almennir dómstólar treysti sér til að leggja dóm á hina brýnu nauðsyn, styðst greinilega við þau fordæmi sem hæstaréttur Íslands hafði skapað fyrir þennan tíma en umrætt rit er gefið út á árinu 1960. Þótt ekki sé mörgum dóumum fyrir að fara framan af öldinni sem varða þetta atriði, var sú afstaða hæstaréttar greinileg að hann taldi sig hafa takmarkaða heimild til að leggja mat á stjórnskipulegt gildi laga og hvort þau stönguðust á við stjórnarskrá. Að vísu er ekki mörgum dóumum hér fyrir að fara sem varða bráðabirgðalög sérstaklega en þó eru nokkrir stefnumarkandi dómar er þau varða sem gefa til kynna að á þessu hafi ekki orðið breyting fyrr en undir lok aldarinnar, eins og nánar verður vikið að síðar.

#### **4.2. Dómar hæstaréttar fyrir stjórnarskrárbreytinguna 1991**

Fyrsti dómurinn þar sem reyndi á gildi bráðabirgðalaga var í hrd. 6/1937, en þar kom til úrlausnar gildi brbl. nr 49/1934 um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o.fl., sem kváðu á um bann við sölu ógerilsneyddrar mjólkur nema innan sveitarfélags framleiðanda, um verðjöfnunarsvæði mjólkursölu og um stofnun mjólkursamlags fyrir Reykjavíkurbæ. Áfrýjandi málsins, sem var kúabóni í nágrenni Reykjavíkur, taldi sér bera skaðabætur af hálfi ríkisins þar sem lögregla gerði mjólk hans upptæka á grundvelli laganna dagana 29.-31. október það ár og meinaði honum mjólkursölu í Reykjavík sökum þess að hann væri búsettur utan þeirrar. Bóndinn hafði meðal annars frammi þau rök að brýna nauðsyn hafi ekki boríð til bráðabirgðalagasetningarinna þar sem þau hafi verið sett 10. september en verðjöfnunarsvæði samkvæmt þeim hafi ekki verið ákveðin fyrr en 3. desember 1934 og mjólkursamlag ekki verið starfrækt fyrr en í ársbyrjun 1935. Hæstaréttur komst hins vegar að eftirfarandi niðurstöðu:

*„Almenni löggjafinn hefir metið ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, til almenningssheilla, og getur í máli þessu ekki orðið haggð við því mati.“<sup>39</sup>*

Það er athyglisvert í þessu sambandi að í þessum dómi hæstaréttar segir „almenni löggjafinn“ en ekki „bráðabirgðalöggið“. Að vísu höfðu umrædd bráðabirgðalög verið sampykkt frá Alþingi sem lög nr. 1/1935 þegar dómurinn fell en það voru bráðabirgðalöggin sjálf sem voru til meðferðar þannig að svo virðist sem rétturinn hafi ekki gert mikinn greinarmun á milli lagasetningar með þessum tveimur óliku aðferðum.

Á næstu áratugum reyndi lítið á túlkun 28. gr. stjskr. en þó má þar nefna hrd. 48/1959 þar sem brbl. nr. 54/1958 um bann gegn botnvörpuveiðum reyndust vera gild refsíheimild vegna fiskveiðilagabrots.<sup>40</sup> Einnig má nefna dómana hrd. 135/1979 og hrd. 136/1979 þar sem í báðum tilvikum reyndi á gildi brbl. nr. 70/1979 um skipan kjaradóms vegna áhafna á fiskiskipum, sem gefin voru út 19. júní, en samkvæmt þeim var stöðvað ver�fall sjómanna sem staðið hafði frá 25. apríl og kjaradómi falið að ákværda launakjör þeirra. Í raun snerist þetta mál um lögmæti yfirvinnubanns sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands stóð að eftir setningu bráðabirgðalaganna og hvort réttmætt hefði verið að Félagsdómur hefði vísad frá sér að úrskurða í því máli. Það sem hins vegar er athyglisvert í þessu sambandi er að fulltrúar sjómanna hafa ekki uppi neinar málsástæður sem lutu að því að draga í efa gildi bráðabirgðalaganna, svo sem á grundvelli þess að þau brytu gegn ákvæðum stjórnarskrárinna um félagafrelsi.

Ákveðin tímamót verða þó í afstöðu hæstaréttar á þessu ári eins og fram kemur í hrd. 141/1979 en þar var deilt um gildi brbl. nr 96/1978 um kjaramál, sem gefin voru út 8. sept. 1978. Í þessum lagagreinum var að finna heimild til handa fjármálaráðherra til álagningar sérstaks tekjuskatts og eignarskattsauka miðað við tekjur og eignir ársins 1977. Áfrýjandi málsins, skattgreiðandin sem gert hafði verið lögtak hjá til greiðslu þessara skatta, hafði ekki uppi þær málsástæður að bráðabirgðalöggin sem slík staðust ekki heimildarákvæði stjórnarskrárinna. Hann kvað þau hins vegar stangast á við þáverandi 40., 41., 42., 67. og 77. gr. stjskr., þar sem um væri að ræða heimildalausa eignaupptökum og óheimila afturvirkni skattalaga, vegna þess að skattskrá fyrir árið 1977 hafði verið lögð fram í lok júlí 1978 og skattar af umræddum tekjum og eignum því þá þegar verið greiddir. Meirihluti hæstaréttar félst þó ekki á þessi

<sup>38</sup> Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: Bráðabirgðalög, bls. 45.

<sup>39</sup> Hrd. 6/1937, 12. maí 1937. (Hrd. 1937, bls. 333.)

<sup>40</sup> Hrd. 48/1959, 14. okt 1959. (Hrd. 1959, 606.)

rök og benti á að allalgengt væri að skattalög væru afturvirk, sem leiði af þeirri skipan að skattar séu greiddir eftir á miðað við tekjur ársins á undan. Síðan segir í dómi meirihlutans:

„Pegar þetta er virð, verður ekki talið, að þau ákvæði bráðabirgðalaga nr. 98/1978 sem hér er um fjallað, séu ógild af þessum sökum. Umrædd skattálagning var lögboðin eftir að hin almenna skattskrá fyrir árið 1978 hafði verið lögð fram og gjaldþegnum sendar skattkröfur. Þótt slikt vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfa verði að teljast mjög varhugaverð, þykir ekki alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli.“<sup>41</sup>

Meirihluti hæstaréttar heimilaði lögtak til innheimtu skattanna og staðfesti þar með það álit sitt að skattlagning með bráðabirgðalögum geti verið afturvirk, sem er merkileg niðurstaða, en þó er hitt ekki síður athyglisvert að rétturinn gerir enn engan greinarmun á vinnubrögðum af hálfa „löggjafarvaldsins“ og „bráðabirgðalöggyjafarvaldsins“, þótt ætla hefði mátt að það atriði skipti hér verulegu máli.

Hæstaréttur tvíklofnaði reyndar í málínú og voru báðir minnihlutar þeirrar skoðunar að lögini væru ógild og lögtakið ætti ekki að ná fram að ganga. Sérálit annars minnihlutans, sem í voru einn hæstaréttardómari og einn setudómari, er þó ef til vill athyglisverðast hvað varðar efni þessarar greinar um beitingu bráðabirgðalaga sem réttarheimildar. Það er bæði athyglisvert fyrir þær sakir að þar er, að því er best verður séð, fyrst gerður greinarmunur á almennu löggjafanum og bráðabirgðalöggyjafanum, auk þess sem komist er að þeirri niðurstöðu að eitthvað sem heimilt er með almennum lögum þurfi ekki jafnframt að vera heimilt að gera með bráðabirgðalögum. Þarna örlar líka fyrst á þeirri hugsun að dómstólar séu bærir til þess að meta stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaga að fullu. Í sérálitinu er þetta orðað þannig:

„Ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnaðar bannar ekki berum orðum afturvirkni skattalaga, svo sem að framan getur, enda mjög algengt að skattalög verki aftur fyrir sig og hafi komið þannig til framkvæmda áður en skattskrá hafi verið kynnt og skattkröfur sendar skattþegnum. Það verður þó að telja að ekki hafi það verið ætlun stjórnarskrárgjafans að almenni löggjafinn, og því síður forseti lýðveldisins við

útgáfu bráðabirgðalaga, gæti ákvæðið ótakmarkaða afturvirkni slíkra laga. Ef slíkt væri heimilt væri réttaröryggi skattþegna stofnað í hættu, t.d. ef menn gætu búist við því jafnvel löngu eftir óflun tekna, sem þegar hefði verið lagður skattur á og hann greiddur, að þurfa að greiða skatt af þeim að nyju. Einhver takmörk hljóta að vera við afturvirkni skattalaga, sem dómstólar verða að ákvæða, hver eru...

Með vísun til framanritaðs teljum við að 8., 9. og 10. gr. bráðabirgðalaga nr. 96/1978 og sömu greinar laga nr. 121/1978 hafi eigi stod í 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1941 samkvæmt grunnrökum hennar.“<sup>42</sup>

Sérálit hafa eðli málsins samkvæmt ekki mikið gildi sem fordæmi, enda verður ekki nein breyting á afstöðu hæstaréttar til bráðabirgðalaga sem réttarheimildar við uppkvaðningu þessa dóms.

Pegar aftur reynir á gildi bráðabirgðalaga fimm árum síðar er afstaða meirihluta réttarins enn sú sama. Í því máli, hrd. 81/1983, var deilt um álagningu kjarnfóðurgjalds samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 63/1980 um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins.<sup>43</sup> Málið snerist að mestu um framsal á skattlagningarvaldi í ljósi ákvædis í bráðabirgðalögum um að gjaldið mætti nema allt að 200% af innkaupsverði innflutts kjarnfóðurs en heimilt væri að endurgreiða gjaldið eftir reglum sem Framleiðsluráð setti. Í því samhengi sem hér um ræðir er málið hins vegar athyglisverðast fyrir þá sök að af hálfa bónadans, sem höfðaði málið fyrir heraðsdómi til að fá gjaldið endurgreitt, var nú í fyrsta sinn síðan í málínú hrd. 6/1937, höfð uppi sú krafa fyrir dómi að bráðabirgðalöggin væru ógild vegna þessi að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar þeirra skv. 28. gr. stjskr. Er umhugsunarefni hvers vegna ekki hafi reynt á þetta í tæpa hálfu old, þrátt fyrir tíða og oft íþyngjandi bráðabirgðalagasetningu. Segir í reifun heraðsdóms á málavöxtum að stefnandi hafi haldið því fram að forseti Íslands og landbúnaðarráðherra hafi sett bráðabirgðalög um álagninguna 23. júní 1980, án þess að skilyrðum 28. gr. stjórnarskrárinnaðar hafi verið fullnægt. Auk þess að ríða í bága við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnaðar hafi bráðabirgðalöggin ekki verið nauðsynleg, þar sem þegar hafi verið fyrir hendi lög sem gert hafi ráð fyrir gjaldtöku þeirri sem framkvæmd hafi verið skv. bráðabirgðalögum.<sup>44</sup>

Héraðsdómur tekur hins vegar enga afstöðu til

<sup>41</sup> Hrd. 141/1979, 4. nóv. 1980. (Hrd. 1980, bls. 1736.)

<sup>42</sup> Hrd. 141/1979, 4. nóv. 1980. (Hrd. 1980, bls. 1737-1738.)

<sup>43</sup> Brbl. nr. 63, 23. júní 1980, um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarárafurðum o.fl.

<sup>44</sup> Héraðsdómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febr. 1983, fylgir hrd. 81/1983, 23. des. 1985.

þessara röksemda og meirihluti hæstaréttar minnist heldur ekki á þau einu orði. Vera má að dóminum hafi þótt nóg að gert með þeirri niðurstöðu að í bráðabirgðalögnum fælist óheimilt framsal skattlagningarárvalls til Framleiðsluráðs en þessi dómur var tímamótadómur að því leyti. Annar minnihlutinn tekur hins vegar á þessu atriði í séráltí sínu og kemst að eftirfarandi niðurstöðu:

*„Því hefur enn verið haldið fram, að bráðabirgðalög nr. 63/1980 fái ekki staðist gagnvart stjórnarskrá, vegna þess að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu þeirra og skilyrðum 28. greinar hafi því ekki verið fullnægt. Löggjafinn hefur sjálfur metið það svo, að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu laganna. Hefur því mati ekki verið hnekkt. Verður gjaldtakan ekki metin ólögmæt af þessari ástæðu.“<sup>45</sup>*

Hér því enn allt með kyrrum kjörum og óhaganlegt, enda má segja að þessi niðurstaða sé umorðun á þeirri hugsun sem fram kom í framangreindum dómi hæstaréttar árið 1937. „Löggjafinn hefur sjálfur metið það svo að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu laganna.“ Hvort hér er átt við að löggjafinn hafi samþykkt umrædd bráðabirgðalög sem lög nr. 45/1981 eða hvort enn sé enginn greinarmunur gerður hjá hæstaréttardómumurum á ólíku eðli löggjafans og bráðabirgðalögjafans, er ekki gott að sjá.

Eflaust má segja að þessir dómar hæstaréttar hafi skapað dómafördæmi hvað varðar beitingu bráðabirgðalaga sem réttarheimildar. Þegar hæstiréttur taldi það svaraverðar málssástæður að draga mætti stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaga í efa þá kom fram sá skilningur að ekki væri eðlismunur á löggjafanum og bráðabirgðalögjafanum, hinn síðarnefndi ætti sjálfur mat um það hvort brýna nauðsyn bæri til slíkrar lagasetningar, bráðabirgðalög væru ekki aðeins jafngild almennum lögum og þar af leiðandi ekki neinar takmarkanir á því hvað ákvæða mætti með bráðabirgðalögum heldur væru bráðabirgðalög í reynd réthærri en almenn lög þar sem ekki mætti hrófla við því valdi sem bráðabirgðalögjafinn hefði til þess að meta hina brýnu nauðsyn til að setja þau. Petta endurspeglast í þeim málum er koma fyrir hæstarétt næstu árin á eftir og bráðabirgðalög koma við sögu. Þar er meðal annars um að ræða hrd. 175/1986 þar sem deilt var um hvort brbl. nr. 55/1983 um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum frá 27. maí 1983 fælu í sér óheimilt framsal skattlagningarárvalls til ráðherra með hlíðsþón af 40 gr. stjskr. um að engan skatt megi leggja á nema með lögum, hrd. 222/1987 þar sem deilt var um hvort

brbl. nr. 50/1983 um Húsnaðisstofnun ríkisins gætu verið afturvirk að því leyti að þau breytu þinglýstum lánskjörum á félagslegum íbúðum og hrd. 135/1990 þar sem deilt var um heimild í brbl. nr. 68/1987 um ráðstafanir í fjármálum, til að leggja virðisaukaskatt á eigin lögfraðiinnheimtu banka. Það var ekki einu sinni reynt í neinu þessara mála að hafa uppi þá málsvörn að umrædd bráðabirgðalög stönguðust á við númerandi 28. gr. stjórnarskrárinna.

En þetta átti eftir að breytast, enda komið þar sögu að löggjafinn sjálfur var farinn að hafa horn í síðu þess hvernig bráðabirgðalögjafinn beitti heimildarákvæði 28. gr. stjskr.

**4.3. Vatnaskil í afstöðu hæstaréttar**  
Haustið 1990 setti ríkisstjórnin enn ein bráðabirgðalög er vörðuðu kjaramál, brbl. nr. 89, 3. ágúst 1990, um launamál, þar sem ákvæði í kjarasamningi BHMR og ríkisins voru feldl úr gildi að því leyti sem þau kváðu á um hækkanir umfram kjarasamninga ASÍ og VSÍ. Af ýmsum umdeildum bráðabirgðalögum þessara ára voru þessi líklega umdeildust og áttu einna mestan þátt í að þingskipuð nefnd þingflokkusformanna ákvæð að gera tillögur um breytingar á 28. gr. stjskr.

Aðdragandi þessa máls var sá að í maí 1989 gerði Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna (BHMR) kjarasamning við fjármálaráðherra. Samningurinn átti að gilda til ársloka 1994 en segja mátti honum upp eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Í samningnum var kveðið á um nánar tilgreindar launahækkanir á samningstímabilini en aðilar gátu krafist breytinga ef almennar hækkanir yrðu á launum annarra launþega. Einnig skyldi endurskoða launakerfi félagsmanna BHMR með tilliti til ábyrgðar, sérhæfni og menntunar sem nýttist í starfi. Var tilgreint í samningi að nefndi skyldi starfa að þeirri endurskoðun og gera tillögur að tilfærslum milli launaflokka í jöfnum árlegum áföngum, í fyrsta sinn 1. júlí 1990. Var samið um að ef nefndin skilaði ekki lokaáliti skyldi hækkinin milli launaflokka engu að síður koma til 1. júlí 1990. Svo fór að nefndin skilaði ekki álití sínu og höfðaði Félag íslenskra náttúrufræðinga, eitt aðildarfélaga BHMR, mál á hendur fjármálaráðherra fyrir Félagsdómi. 23. júlí 1990 dæmdi Félagsdómur að ríkissjóði væri skylt að greiða félagsmönnum þess fjárhæð sem næmi einum og hálfum launaflokki til viðbótar launum hvers þeirra, sem samsvaraði 4,5% launahækken. Fjármálaráðherra viðurkenndi greiðsluskyldu sína og greiddi umrædda hækken afturvirk frá 1. júlí eins og samningurinn

<sup>45</sup> Hrd. 81/1983, 23. des. 1985. (Hrd. 1985, 1544.)

kvað á um.

Dómur Félagsdóms kallaði fram háværa gagnrýni forvarsmana aðila á almennum vinnumarkaði, VSÍ og ASÍ, sökum þess að þessi samtök höfðu 1. febrúar 1990 undirritað kjarasamninga sem áttu að gilda til 15. september 1991. Samningar pessir gengu undir nafninu þjóðarsáttarsamningar vegna þess að samið var um hóflegar launahækkanir gegn ýmiss konar aðgerðum ríkisvaldsins til að bæta kjör launþega. Ein af forsendum þessara samninga var að launaþróun annarra yrði sú sama og þar var samið um. Í kjölfar Félagsdóms lýstu bæði samtökin því yfir að þjóðarsáttarsamningarnir væru í uppnámi vegna þeirrar hækkunar sem félagsmönnum BHMR hefði verið dæmd. ASÍ lýsti yfir að það myndi gera kröfum sömu launahækkanir og VSÍ taldi að því væri ekki annað fært en að greiða sambærilega hækkun til allra launþega á almennum vinnumarkaði en þar með væri forsenda þjóðarsáttarsamninganna um efnahagslegan stöðugleika brostin. Ríkisstjórnin taldi pennan dóum leiða til víxlhækkan launa, þar sem bæði þessi launþegasamtök myndu krefjast launahækkan til jafns við hitt á grundvelli samningsákvæða um endurskoðun, sem myndi enda í óðaverðbólgu.

Hálfum mánuði eftir að dómur Félagsdóms féll setti ríkisstjórnin hin umdeildu brbl. nr. 89, 3. ágúst 1990, um launamál, sem afnámu þær hækkanir sem þar höfðu verið dæmdar félagsmönnum BHMR. Bráðabirgðalagasetningin sætti harðri gagnrýni viða í þjóðfélaginu, enda var hér ekki um að ræða hefðbundna beitingu heimildarinnar til að stöðva verkföll eða lögbinda almenna launafyrstingu. Þessi aðgerð beindist gegn litlum hópi þjóðfélagsþegna og fólst í að afnema launahækku sem samið hafði verið um í frjálsum kjarasamningum við ríkið sjálfst. Gagnrýnin kom ekki síst frá löggjafarþinginu, þar sem bent var á að tilefnið til lagasetningaránnar hefði legið fyrir allt frá undirritun þjóðarsáttarsamninganna í febrúar og þá komið fram fyrirspurnir til fjármálaráðherra um hvernig hann hygðist bregðast við ákvæðunum í kjarasamningum BHMR.

BHMR stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og krafðist þess að fá umsama hækkun greidda óháð bráðabirgðalögnum. Í málflutningi fyrir heraðsdómi setti BHMR fram eftirfarandi röksemadir til stuðnings þeiri kröfu að bráðabirgðalögini væru ógild:

„*Hafi verið nauðsyn á því að setja bráðabirgðalög*

*vegna kjarasamnings BHMR í ágúst, þá hafi sama nauðsyn blasað við í febrúar 1990, þegar kjarasamningarnir [þjóðarsáttarsamningar ASÍ og VSÍ] voru gerðir. Þá hefði átt að setja almenn lög vegna kjarasamningsins. Þá er því haldið fram af stefnanda, að mat á því, hvort brýna nauðsyn hafi borid til að setja bráðabirgðalög, sé ekki einvörðungu löggjafans, heldur beri dólmstólum að taka það mat til sjálfstæðrar skoðunar, sé álitaefnið undir þá borid. Ef mat á hinni brýnu nauðsyn ætti að vera hjá löggjafanum einum, væru heimildir dólmstóla stórlega skertar.<sup>46</sup>*

Stefnandi taldi sem sagt að þar sem nauðsynin hefði blasað við hálfu ári áður en bráðabirgðalögini voru sett, meðan Alþingi var enn að störfum, hefði verið hægt að setja almenn lög og því væri forsenda 28. gr. stjskr. um brýna nauðsyn brostin. Auk þess áréttāði hann skyldu dólmstóla til að leggja mat á þetta atriði. Ríkisvaldið hélt hins vegar uppi hefðbundnum vörnum í málinu og staðhæfði að bráðabirgðalöggið finn að einn mat á því hvort brýna nauðsyn beri til bráðabirgðalagasettingar. „Dómstólar geti ekki tekið til endurskoðunar huglægt mat bráðabirgðalöggið finn á nauðsyninni. Það sé skoðun bæði íslenskra og danskra fræðimanna. Þetta komi einnig fram í dóum, sem gengið hafi hér á landi.<sup>47</sup> - sagði í málflutningi ríkisins.

Héraðsdómur tók afstöðu til þessara röksemda í löngu máli. Segir í niðurstöðum dómsins að mat á því hvort brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga hljóti að verulegu leyti að byggjast á þeim markmiðum sem stefnt er að í stjórnámum hverju sinni og hvernig þeim skuli náð, rétt eins og verulegur hluti almennrar löggjafar er því marki brenndur.

*,Telfa verður að ekki sé undan dómsvaldinu skilið að leggja mat á það hvort bráðabirgðalög hafi verið sett í samræmi við ákvæði stjórnarskráinnar að þessu leyti, enda væri slík skýring óeðlileg, þegar m.a. er haft í huga, að dólmstólar dæma um það, hvort almenn löggjöf brýtur í þága við stjórnarskrána eða ekki, bæði að efni og setningaráhetti. Heimildir dólmstólanna, að því er þetta atriði varðar, verður þó að skýra pannig, að þeirra sé fyrst og fremst að meta, hvort sú brýna nauðsyn, sem bráðabirgðalöggið finn telur vera á setningu bráðabirgðalaganna, sé studd nægilegum rökum, svo að ljóst megi vera, að um sýnilega misbeitingu heimildarinnar sé ekki að ræða.<sup>48</sup>*

Hér er í raun um tímamótadóm að ræða í þeim

<sup>46</sup> Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1991, fylgir hrd. 129/1991. (Hrd. 1992, bls. 1982.)

<sup>47</sup> Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1991, fylgir hrd. 129/1991. (Hrd. 1992, bls. 1983.)

<sup>48</sup> Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. mars 1991, fylgir hrd. 129/1991. (Hrd. 1992, bls. 1987.)

skilningi að þetta er í fyrsta sinn sem meirihluti íslensks dómistóls úrskurðar að dómistólar eigi mat um hvort bráðabirgðalög samrýmist stjórnarskránni, að minnsta kosti hvað brýna nauðsyn varðar. Og hér er líka gerður skýr greinarmunur á löggjafanum og bráðabirgðalöggjafanum. Eru þá undanskilin þau sérslit minnihluti hæstaréttar sem á undan eru rakin. Ef til vill er þarna að finna enduróm af umræðunni sem átt hafði sér stað í kjölfar þessara bráðabirgðalaga, umræðunni á löggjafarpínginu á undanförmum árum og áhrif frá frumvarpi til stjórnarskipunarlagu sem lagt var fram á Alþingi þennan sama veturn. Héraðsdómur komst samt að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á með nægjanlegum hætti að brýna nauðsyn hafi borið til bráðabirgðalagasetningarinnar til að ná þeim stjórnmalalegu markmiðum sem að var stefnt. Taldi rétturinn ekki skipta máli hvort nauðsyn á setningu laga í þessu skyni kunní að hafa legið fyrir í einhvern tíma áður en bráðabirgðalögini voru sett, því mat á nauðsyninni verði að miða við setningartíma bráðabirgðalaganna. Á þeim grundvelli sýknaði héraðsdómur ríkið af kröfum BHMR.

Málino var áfrýjað til hæstaréttar og í hrd. 129/1991 tekur meirihluti hæstaréttar þetta efni einnig til ítarlegri efnislegrar umfjöllunar en áður eru dæmi um. Í niðurstöðu sinni kveður meirihluti hæstaréttar (5 dómarar af 7) nú skýrt á um hæfi sitt til að leggja mat á stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaga:

„Dómistólar eiga úrskurðarvald um það, hvort almenn lög samrýmast ákvæðum stjórnarskrár og hvort þau hafi orðið til á stjórnskipulegan hátt. Eðlisrök leiða til þess, að hið sama gildi um bráðabirgðalög.“<sup>49</sup>

Hér hafa orðið mikil vatnaskil. Hæstiréttur kveður hér upp að eðli bráðabirgðalaga sem réttarheimildar hafi verið breytt. Nú er ekki lengur hægt að bera fyrir sig að hægt sé að fyrirskipa nánast hvað sem er með bráðabirgðalögum og jafnvel brjóta með þeim í bága við ýmis ákvæði stjórnarskráinnar í skjóli þess að bráðabirgðalöggjafinn, sem er í reynd ríkisstjórn á hverjum tíma, eigi sjálfur mat um það hvort brýna nauðsyn beri til lagasetningarinnar. Það mat liggur hjá dómistólum frá og með þessum dómi hæstaréttar, sem hefur þá áréttuð og styrkt það dómafordæmi sem fram kom í framangreindri niðurstöðu héraðsdóms í sama máli.

Að þessu sögðu eru málSATVÍK rakin í niðurstöðu hæstaréttar og þar bent á að umrædd hækkun til BHMR hafi ekki verið almenn launahækken heldur endurskoðun á launakerfi með tilliti til ábyrgðar,

sérhæfni og menntunar, sem fjármálaráðherra hafi ábyrgst að skyldi lokið fyrir 1. júlí 1990. Við þá skyldu hafi fjármálaráðherra ekki staðið og því hafi komið til úrskurðar Félagsdóms, sem var tilefni bráðabirgðala gasetningarinnar. Síðan hrekur hæstiréttur allar þær röksemadir sem ríkisstjórnin setti fram í greinargerð með bráðabirgðalögnum og er ástæða til að skoða þann rökstuðning í heild sinni:

„Hækkur þessi, sem viðurkennd hafði verið með dómi, var þannig komin til á sérstakan hátt og byggðist ekki á 15. gr. kjarasamningsins, sem fjallar um almennar launahækkanir. Þá liggur ekkert fyrir um það, að aðilar að hinum svokölluðu þjóðarsáttarsamningum hafi ekki á samningstíma þeirra getað fengið launahækkanir með tilfærslum milli launaflokka. Þegar tildróg hækkunarinnar eru skönd, verður ekki séð, að aðrir hafi, samkvæmt almenna ákvæðinu í þjóðarsáttarsamningunum um försendur þeirra samninga, átt rétt til almennrar hækkunar á grundvelli dóms Félagsdóms frá 23. júlí 1990. Hér er einnig til þess að líta, hversu líttill hluti launamanna átti aðild að þeim kjarasamningi sem hér um rædir. Verður við það að miða, að aðrir hafi ekki átt lögvarða kröfum til hækkunar af þessu tilefni. Með hlíðsjón af framansögðum urðu félagsmenn samflotsfélaganna [BHMR] að þola skerðingu á þegar áunnum réttindum, sem félagar annarra stéttarfélaga þurftu ekki að pola.

EKKI BEFUR VERIÐ BRAKIÐ ÞAÐ ÁLIT Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, að verðlagsáhrif 4,5% launahækknar til samflotsfélaga BHMR einna sér hefðu orðið óveruleg. Þá ber til þess að líta, að samflotsfélög BHMR höfðu lögum samkvæmt sama rétt til þess og önnur stéttarfélög að semja við viðsemjendur sína um kjör sín og nutu við það réttinda og báru skyldur til jafns við þau...

Löggjafinn hafði til þess ríkan rétt að standa vörð um þau efnahagslegu markmið sem ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins höfðu komið sér saman um, eins og segir í aðfararordum bráðabirgðalaganna. Hins vegar verður að haga almennri lagasetningu í samræmi við þá jafnrædisreglu, sem hér á við og víða er byggt á í stjórnarskrá Íslands, meðal annars í ákvæðum hennar um álögor á þegnanum og skerðingu réttinda þeirra, ef til þess þarf að koma. Þegar ríkjandi aðstæður við setningu bráðabirgðalaganna eru metnar í heild, þykir á það hafa skort, að þessi regla hafi verið virt, og urðu þau því ekki skuldbindandi gagnvart áfrýjanda, að því er varðaði þá 4,5% launahækken, sem hún hafði þá þegar öðlast.<sup>50</sup>

<sup>49</sup> Hrd. 129/1991, 3. des. 1992. (Hrd. 1992, bls. 1967.)

Pegar ofangreind röksemdafærsla er skoðuð verður ekki betur séð en hæstiréttur telji allar forsendur fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna brostnar. Hin umdeilda hækkan var komin til á sérstakan hátt, laut ekki að almennum launahækjunum, hafði verið staðfest með dómi, aðrir áttu ekki lögvarða kröfу til sambærilegra hækkan, ekkert lá fyrir um að aðrir gætu ekki fengið launahækkanir með tilfærslum milli launaflokka, verðlagsáhrif hækkunarinnar yrðu óveruleg, ekki hafi verið gætt jafnræðisreglu stjórnarskráinnar við setningu bráðabirgðalaganna og þau því ekki skuldbindandi gagnvart félagsmönnum BHMR. Þarf meira til? Svo var greinilega að mati hæstaréttar því hann dæmdi áfrýjanda málsins, félagsmanni BHMR, umrædda launahækjun samkvæmt úrskurði Félagsdóms frá júlí 1990 til janúar 1991, eða fimm mánuðum lengur en bráðabirgðalögum frá 3. ágúst 1990 kváðu á um. Þetta gerði hæstiréttur á grundvelli þeirrar niðurstöðu sinnar að jafna mætti setningu bráðabirgðalaganna til uppsagnar samningsins með gildi frá og með 1. nóvember 1990. Er það efalaust í fyrsta sinn sem bráðabirgðalög hafa verið talin tæk aðferð til að segja upp kjarasamningi og má það merkilegt heita miðað við að kjarasamningurinn sjálfur var með ákvæði sem heimilaði uppsögn hans með eins mánaðar fyrirvara.

Niðurstaða hæstaréttar í þessu mál ber með sér að þar hafi hann fetað hið vandfarna einstigi milli beitingar réttarheimilda og stjórnmála. Dómurinn felur í sér skýr skilaboð til bráðabirgðalöggjafans um að hæstiréttur telji sig nú bærann til að dæma um stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaga, meta hvort þau brjóti í bága við stjórnarskrána og orðalag 28. gr. stjskr. um brýna nauðsyn standi ekki í vegi fyrir því mati réttarins. Bráðabirgðalöggjafinn hafi ekki lengur sjálfðæmi um það atriði. Hæstiréttur gengur meira að segja svo langt að segja að óskráð jafnræðisregla stjórnarskráinnar hafi ekki verið virt við útgáfu þessara bráðabirgðalaga. Hins vegar hefur hæstiréttur augljóslega horft til þess að þjóðarsáttarsamningarnir höfðu óvífengjanlega skilað meiri stöðugleika í efnahagssífinu og lægri verðbólgu en sést hafði um langa hrið. Dómsniðurstaða, sem hefði falist í að ógilda bráðabirgðalögum og staðfesta þannig kröfur BHMR um 4,5% launahækjun, hefði vafafálið valdið mikilli ólgu á vinnumarkaði og hugsanlega raskað þeim efnahagslegu markmiðum sem náðst höfðu. Þetta hefði gerst, jafnvel þótt niðurstaðan hefði orðið

að staðfesta úrskurð Félagsdóms á þeim tíma sem bráðabirgðalöggin giltu og fram til þess að þau voru staðfest sem lög um launamál nr. 4, 4. febrúar 1991. Í ljósi þess verður að skoða hina sérstæðu niðurstöðu hæstaréttar í málinu.

Pessi skoðun styðst að nokkru við athugun á niðurstöðu hæstaréttar í hrd. 198/1993, en þar snerist ágreiningurinn einnig um þessi sömu brbl. nr. 89/1990 um launamál, eins og í máli BHMR. Málavextir eru þeir að samgönguráðherra hafði árið 1989 ákveðið að lækka hámarksaldur flugumferðarstjóra niður í 60 ár en áður höfðu þeir getað gert ráð fyrir að vinna til 70 ára aldurs eins og aðrin ríkisstarfsmenn. Var um það samið að launagreiðslur flugumferðarstjóra skyldu hækka með ýmsum tilfærslum um 16,85% í mórgum áföngum á tveggja ára tímabili til að bæta þeim upp þá skerðingu sem þetta hafði á möguleikum þeirra til að afla sér ævitekna og inneignar í lifseyrissjóð. Hækkunin var að litlum hluta tilkomin til framkvæmda þegar fjármálaráðherra ákvæði að greiðslur samkvæmt þessu samkomulagi skyldu falla niður með hliðsjón af bráðabirgðalögum nr. 89/1990 um launamál.

Stefnandi málsins, flugumferðarstjóri sem átti hér hagsmunu að gæta, hélt því fram fyrir héraðsdómi að ekki hafi borið brýna nauðsyn til setningar bráðabirgðalaga nr. 89/1990 og þau brytu því gegn 28. grein stjórnarskráinnar. Þegar mál þetta var rekið fyrir héraðsdómi var enn ekki komin niðurstaða í máli BHMR fyrir hæstarétti og því ekki hægt að vísa til þess fordæmis sem þar var sett. Álitamálið er varðaði hina brýnu nauðsyn kom þó hvorki til efnislegrar umfjöllunar í héraðsdómi né hæstarétti. Hæstiréttur komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggin hefðu ekki náð yfir umræddar hækkanir á launum flugumferðarstjóra og ríkinu bæri því að greiða þær áfram. Peirri niðurstöðu fylgdi svohljóðandi rökstuðningur:

*„Af lögunum verður ráðið, að þeim var beint gegn almennum launahækjunum, er raskað gætu þeim efnahagslegu markmiðum, sem lögunum er ætlað að verja. Á hinn bóginn verður ekki séð, að þau hafi að öðru jöfnu átt að gyrla fyrir kjarabreytingar af sérstöku tilefni eða í sértaðu formi, svo sem með tilfærslum launþega milli launaflokka...  
Pegar af þessum ástæðum er eðlilegt að líta svo á, að samkomulagið um launahækkanir vegna breyittra reglna um starfsaldur flugumferðarstjóra hafi*

ekki raskast vegna ákvæða [bráðabirgða]laganna um launamál. Það stýrður þessa niðurstöðu, að samkomulagid lá fyrir áður en löginn voru sett, án þess að á því væri tekið með beinum ákvæðum í lögnum. Jafnframt verður að hafa í huga bið tímabundna gildi laganna, en breytingunni á starfsaldursreglinum var atlæður varanlegur sess.<sup>51</sup>

Í raun áttu allar þær röksemmdir, sem hæstiréttur notar hér til að komast að þeiri niðurstöðu að taka bæri kröfur flugumferðarstjóra til greina, einnig við í máli BHMR. En flugumferðarstjórar voru aðeins fámannur hópur manna, innan við eitt hundrað, og mál þetta var þar af leiðandi ekki á sama stjórnámlalega ólgusvæði og mál BHMR. Hæstiréttur hefur því talið sig vera í betri stöðu til að víkja bráðabirgðalögnum hér algerlega til hliðar.

#### 4.4. Hin brýna nauðsyn dregin í efa

Rúmu ári síðar reyndi enn á stjórnskipulegt gildi bráðabirgðalaga fyrir hæstarétti í málínunum hrd. 359/1994. Það mál var höfðaði formaður Prestafélagsins til að fá ógild brbl. nr. 66, 3. júlí 1992, um kjaradóm. Þau bráðabirgðalög voru sett í kjölfar þess að kjaradómur hafði kveðið upp úrskurð um launamál prestastéttarinnar og fleiri opinberra starfsmanna, sem ríkisstjórninni þótti ekki í samræmi við almenna launaþróun í landinu og sætti auk þess harkalegri gagnrýni frá aðilum vinnumarkaðarins, sem töldu úrskurðinn setja efnahagslegan stöðugleika í hætta. Bráðabirgðalöginn kváðu á um breytingar á lögum um kjaradóm þess efnis að hann skyldi taka tillit til stöðu og þróunar kjaramála við úrlausn mála, svo og efnahagslegrar stöðu þjóðarbúsins. Í bráðabirgðaákvæði var kjaradómi falið að kveða upp annan úrskurð á grundvelli bráðabirgðalaganna og skyldi hann gilda frá 1. ágúst 1992.

Mál þetta er athyglisvert fyrir það efni sem hér er til umfjöllunar, gildi bráðabirgðalaga sem réttarheimildar, í fernum skilningi. Í fyrsta lagi hafði ríkisstjórnin valið þann kost að setja þessi umdeildu bráðabirgðalög þrátt fyrir að henni hefði verið ráðið frá því af tveimur hæstaréttarlögþönnum sem hún fékk til að setja saman álitsgerðir um málið áður en ákvörðun var tekin og þær álitsgerðir voru opinberar. Í álitsgerð sem Eiríkur Tómasson vann fyrir forsætisráðuneytið vísar hann í framangreindan dóm í BHMR-málínunum (hrd.

129/1991) og bendir á að af honum verði ráðið...

....að dólmstólar áskilja sér rétt til þess að kanna í hverju einstöku tilviki hvort bráðabirgðalögjafinn hafi gengið of langt í þessu efni og er það míin skoðun að til þess geti komið að dólmstólar lýsi bráðabirgðalög ógild vegna þess að ekki hafi borið brýna nauðsyn til útgáfu þeirra. Þess vegna ræð ég frá því að sú leið verði farin í þessu tilviki.<sup>52</sup>

Jónatan Sveinsson komst að svipaðri niðurstöðu í álitsgerð sinni fyrir félagsmálaráðuneytið en þar sagði meðal annars:

*„Mitt mat er að við þessar aðstæður sé rétt verklag að kalla saman þing til að afgreiða mál þetta í stað þess að neyta heimilda 28. gr. stjórnarskráinnar um útgáfu bráðabirgðalaga. Hin „brýna nauðsyn“ til slíkrar lagasetningar kynni að vera mjög umdeilanleg, svo ekki sé talað um, að allir reglulegir dómarar landsins kynnu að verða vanhæfir til að fylla um mál, sem upp kynnu að koma af þessu tilefni.“<sup>53</sup>*

Stefnandi hafði því bakstuðning í álitsgerðum sem ríkisvaldið hafði sjálfst óskað eftir og höfðu ráðið frá þeiri ákvörðun sem tekin hafði verið.

Í öðru lagi er mál þetta athyglisvert sem fyrsta málið sem kemur fyrir hæstarétti þar sem reynir á gildi bráðabirgðalaga sem sett eru eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991. Í þriðja lagi er þetta líklega eina málið í sögu réttarins þar sem stefnandi hefur eingöngu uppiþámaðsástæðu að bráðabirgðalöginn samræmist ekki 28. gr. stjórnarskráinnar. Í reifun heraðsdóms segir: „Sérstaklega spurður lýsti lögmaður stefnanda yfir að eingöngu væri byggt á þeiri maðsástæðu að ekki hefði borið brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaganna.“<sup>54</sup> Í máli sínu benti stefnandi á að samkvæmt bráðabirgðalögnum frá 3. júlí 1992 hafi kjaradómi verið veittur frestur til 31. júlí 1992 til að kveða upp nýja úrskurði í stað úrskurðanna frá 26. júní 1992. Þetta ákvæði laganna taldi hann staðfesta að ekki hafi borið brýna nauðsyn í skilningi 28. gr. til útgáfu bráðabirgðalaganna. Í fjórða lagi er það allrar athygli vert að stefndi, ríkisvaldið, studdi kröfur sínar um sýknu enn með þeim rökum að „...dómstólar séu ekki bærit til að taka til endurskoðunar hið huglæga mat bráðabirgðalögjafans á því hvort brýn

<sup>51</sup> Hrd. 198/1993, 3. mars 1994. (Hrd. 1994, bls. 476-477.)

<sup>52</sup> Eiríkur Tómasson: „Lögfræðiálit Eiríks Tómassonar hr.: Ekkert því til fyrirstöðu að lögjafni taki sér ákvörðunarvaldidi.“ Morgunblaðið, 2. júlí 1992.

<sup>53</sup> Jónatan Sveinsson: „Lögfræðiálit Jónatans Sveinssonar hr.: Dómurinn ekki felldur niður með stjórnvalds- eða lagaboði.“ Morgunblaðið, 2. júlí 1992.

<sup>54</sup> Dómur heraðsdóms Rvk. 26. maí 1994, fylgir hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2429.) Ath. að dómurinn er merktur 659/1994 á www.rettarrikid.is, en 359/1994 í prentuðum hæstaréttardómum.

nauðsyn hafi legið til grundvallar lagasetningunni". Í röksemduum ríkisins kemur enn fremur fram að ekki verði séð...

....að eftirlit með meðferð þess valds geti að því leyti verið í höndum dómstóla. Gildir það jafnt um mat á því hvort ríkar efnislegar ástæður knýti á um lagasetningu sem og um mat á því að beita þessari heimild fremur en kveðja þing saman. Bráðabirgðalögjafinn á sjálfur fullnaðarúrskurð um þessi atriði ...<sup>55</sup>

Með þessu er því í reynd haldið fram af lögmanni ríkisins að dómur hæstaréttar í málinu hrd. 129/1991 um kjaramál BHMR hafi ekki haft neitt fordæmisgildi.

Vegna þess að launakjör dómara félle undir umræddan úrskurð kjaradóms sem bráðabirgðalöggin beindust gegn töldu heraðsdómarar sig vanhæfa til að dæma málið og voru skipaðir þrír setudómarar til að taka við því. Dómurinn komst ekki hjá því að taka á stjórnskipulegu gildi bráðabirgðalaganna, þar sem það atriði var eina málssástæðan sem byggt var á í málinu. Héraðsdómur félst ekki á þau rök ríkisins að hann ætti ekki úrskurðarvald í málinu heldur komst að svohljóðandi niðurstöðu:

„Samkvæmt langri réttarhefð hafa dómstólar úrskurðarvald um það, hvort almenn lög eru sett á stjórnskipulegan hátt. Á sama hátt mæla rök með því, að dómstólar hafi úrskurðarvald um gildi bráðabirgðalaga. Það er því álit dómsins, að hann hafi úrskurðarvald um, hvort bráðabirgðalög nr. 66/1992 samrýmist ákvæðum 28. gr. stjórnarskráinnar.<sup>56</sup>

Í niðurstöðum dómsins er svo farið yfir þær röksemdir sem fyrir liggja í málinu, meðal annars hvort stjórnarskrárbreytingin 1991 um starfstíma Alþingis hefði þar áhrif, en í því sambandi verði að huga að þrískiptingu ríkisvaldsins skv. 2. gr. stjórnarskráinnar og löggjafarhlutverki Alþingis. „Af þeim leiðir að túlka ber heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga þróngt. Má því fallast að nokkru á það með stefnanda að með setningu laga nr. 56/1991 hafi heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga verið þrengdar á vissan hátt.“ Hins vegar hafi verið tekið fram í greinargerð með frumvarpi að stjórnarskrárbreytingunni 1991 að ekki væri um að ræða breytingar á þeim formlegu skilyrðum sem verið höfðu fyrir útgáfu bráðabirgðalaganna. „Með viðan

til þessa er ekki fallist á þau rök stefnanda að eftir samþykkt l. nr. 56/1991 hafi skilyrði 28. gr. stjórn. um „brýna nauðsyn“ breyst á þann hátt að skilyrðislaust hafi átt að kalla Alþingi saman af því tilefni sem var til útgáfu [bráðabirgðalaga] nr. 66/1992.“ Síðan segir í dómnum:

„Verulegur bluti almennar löggjafar byggist á því, að hvaða stjórnmalalegu markmiðum þinglegur meirihluti og ríkisstjórnir stefna hverju sinni. Mat á nauðsyn útgáfu bráðabirgðalögjafans. Lögð hefð er fyrir beitingu 28. gr. stjórnarskráinnar. Tilefni til útgáfu bráðabirgðalaga hafa verið margvísleg og jafnhvel vandséð, að ætið hafi borið „brýna nauðsyn“ til útgáfu þeirra. Orðalag 28. gr. stjórnarskráinnar um „brýna nauðsyn“ hefur því rúma merkingu.<sup>57</sup>

Dómurinn kemst að lokum að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á að þetta stjórnmalalega mat bráðabirgðalögjafans hafi verið rangt, svo að valdi ógildingu laganna, og jafnframt að ekki hafi verið sannað að lögin hafi að geyma ólögmæti gagnvart stefnanda málssins. Fjármálaráðherra var því sýknaður af kröfunum.

Málinu var áfrýjað til hæstaréttar og af sömu ástæðum og nefndar eru hér að framan sögðu flestir dómrarar réttarins sig frá málinu vegna vanhæfis, þar sem hinn umdeildi úrskurður kjaradóms hafði einnig náð til ákvárdana um laun þeirra. Í fimm manna dómi voru því fjórir varadómarar. Hæstiréttur þannig skipaður klofnaði í afstöðu sinni en bæði meirihluti og minnihluti áréttuðu þó það álit sem áður hafði komið fram, að rétturinn hefði fulla heimild til að dæma í málinu. Í niðurstöðu meirihlutans sagði:

„Lög réttarhefð er fyrir því, að dómstólar eigi fullnaðarúrskurð um, hvort almenn lög eru sett á stjórnskipulegan hátt. Með sama hætti ber að telja, að dómstólum sé heimilt að meta, hvort setning bráðabirgðalaga sé andstæð ákvæðum stjórnarskrá.<sup>58</sup>

...en að því sögðu komst meirihluti hæstaréttar að eftirfarandi niðurstöðu:

„Fallast má á með áfrýjanda [formanni Prestafélagsins] að unnt hefði verið að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara í þingbléi sumarið 1992. Prátt fyrir

<sup>55</sup> Dómur heraðsdóms Rvk. 26. maí 1994, fylgir hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2429-2430.)

<sup>56</sup> Dómur heraðsdóms Rvk. 26. maí 1994, fylgir hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2429-2430.)

<sup>57</sup> Dómur heraðsdóms Rvk. 26. maí 1994, fylgir hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2430.)

<sup>58</sup> Dómur heraðsdóms Rvk. 26. maí 1994, fylgir hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2432.)

það mat bráðabirgðalögjafinn stjórnmálaðstæður og ástand í þjóðfélögum hennig, að brýnt væri að breyta strax lögum um kjaradóm, hennig að ákvæðanir hans takju nú mið af stöðu og afkomuhorfum þjóðarbúsins svo og almennum launabreytingum í kjarasamningum almennra launþega.

Skilyrði stjórnarskrárinna um brýna nauðsyn hefur í lagafraumavæmd hér á landi verið skyrt rúmt. Þykir ekki leitt í ljós að löggjafinn hafi með því mati sínu, að brýna nauðsyn bæri til að setja hin umdeildu bráðabirgðalög, misbeitt valdi því, sem honum er fengið með 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 6. gr. stjórnskipunarlagar nr. 56/1991.<sup>59</sup>

Meirihluti hæstaréttar staðfesti þannig sýknudóm heraðsdóms en minnihluti tveggja dómara skilaði hins vegar séráliði þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu. Þarvar reynðar um að ræða two varadómar, Gunnar Sæmundsson hæstaréttarlögmann og Sigurð Líndal lagaprófessor, þannig að efst má um gildi þess álit sem fordæmis, en engu að síður koma nú fram nýstárlegri viðhorf í þessum efnunum en ádur höfdu sést í hæstarétti. Í séráliði sínu benda dómararnir á að bráðabirgðalög hafi sömu réttarverkanir og almenn lög en þar sem þau sæta ekki jafntryggilegri meðferð sé enn ríkari ástæða til að leggja stjórnlagagildi þeirra á vald dómkóða. Sé bráðabirgðalögjafinn sérstaklega minntur á aðgæslu í þessum efnunum í 28. gr. stjskr. Ekki sé á valdi dómkóða að hnekkjá mati bráðabirgðalögjafans til að ná stjórnálalegum markmiðum sínum en á hinn bóginn sé það innan valdsviðs dómkóða að meta hvort hann hafi beitt heimild sinni til bráðabirgðalagasetningar innan þeirra marka sem honum eru sett í 28. gr. stjskr. Síðan segir í séráliði minnihlutans:

„Þótt ekki hafi verið haggað við formlegum skilyrðum til útgáfu bráðabirgðalaga í 28. gr. stjórnarskrárinna með 6. gr. stjórnskipunarlagar nr. 56/1991, þar á meðal þeim áskilnaði, að brýna nauðsyn beri til útgáfu þeirra, er ljóst að breyting sú sem gerð var á 35. gr. [stjórnarskrárinna], blytur að hafa áhrif á túlkun orðanna „brýn nauðsyn“. Eftir því sem auðveldara verður að kalla saman Alþingi, þeim mun ríkari verður nauðsynin að vera, og hún ræðst aðallega af tvennu, annars vegar því, hver þörf er á skjótum viðbrögðum, og hins vegar, bversu langan tíma tekur að kalla Alþingi saman. Ennfremur ber að gefa því gaum, bversu mikilvægt máléfni er og hvort tvímaelis orki, hvernig leyfa skuli.“

Af gögnum þessa máls verður ekki séð, að reynt hafi verið að kveðja Alþingi til fundar til að taka á ástæðjandi vanda, og var þó sérstök ástæða til vegna þess, hversu mikilvægt mál var til úrlausnar. Hefur því ekki verið sýnt fram á, að brýna nauðsyn hafi borið til að setja bráðabirgðalög nr. 66/1992. Med útgáfu þeirra hefur verið farið út fyrir þær heimildir, sem 28. gr. stjórnarskrárinna veitir.

Af hálfu stefnda [ríkisvaldsins] hefur því verið haldd fram, að líklegt megi telja, að meðferð málssins á þingi hefði tekið óhæfilega langan tíma og veruleg vandræði af hlotist, enda brýn nauðsyn skjótra viðbragða. Alþingi ber sjálfst ábyrgð á þingstörfum, þar á meðal, hversu bratt mál eru afgreidd. Starfshættir pess hafa ekki áhrif á túlkun orðanna „brýn nauðsyn“ í 28. gr. stjórnarskrárinna.

Einnig hefur verið bent á, að Alþingi hafi fallist á þá rúmu túlkun, sem viðgengist hafi við útgáfu bráðabirgðalaga með staðfestingu þeirra eftir á og án frekari eftirmála. Af þingræðisreglunni leidir, að aðhald Alþingis er takmarkað. Stuðningsmenn ríkisstjórnar hljóta að forðast þá árekstra, sem óhákvæmilega yrðu, ef kalla ætti ríkisstjórn eda einstaka ráðherra til fyllstu ábyrgðar vegna útgáfu bráðabirgðalaganna.<sup>60</sup>

Niðurstaða þessarar röksemdafærslu gat auðvitað ekki verið nema á einn veg, það er að bráðabirgðalögin væru ekki sett með stjórnskipulega réttum hætti og yrði því ekki beitt við ákvörðun kjaradóms um laun presta.

Þessi dómur er sá síðasti þar sem reynt hefur á gildi bráðabirgðalaga sem réttarheimildar. Ástæðuna fyrir því að öðrum málum af sama toga hefur ekki verið vísað til dómkóða má vafalaust rekja til margra samverkandi þáttu. Dómkóðar hafa sett ákveðin dómafördæmi sem meðal annars gefa til kynna að mikil purfi til þess að fá slíkra lagasetningu hnekkt fyrir dómi en jafnframt gefið til kynna að dómkóðar telji sig nú hafa úrskurðarvald um stjórnskipulegt gildi slíkra laga og framkvæmdavalldið þannig varað við að ganga of langt. Beiting þessarar heimildar hefur sætt vaxandi gagnrýni á Alþingi, einkum eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991, og sjást nú mörg dæmi þess að stuðningsmenn ríkisstjórnar setji ofan í við ráðherra fyrir að fara of frjálslega með heimildina. Bráðabirgðalagaútgáfa hefur þar að auki dregist verulega saman frá stjórnarskrárbreytingunni 1991, bæði vegna aðhalðs Alþingis og dómkóða.

<sup>59</sup> Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2417-2418.)

<sup>60</sup> Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2420-2421.)

## 5. ÁLYKTANIR OG NIÐURSTÖÐUR

### 5. I. Samanburður við önnur ríki

Á Norðurlöndum, þar sem stjórnskipun er líkust því sem hér gerist, er heimildin til útgáfu bráðabirgðalaga hvorki til staðar í Svíþjóð né Finnlandi, en með miklum takmörkunum í Danmörku og Noregi. Í báðum síðargreindu ríkjunum, þar sem heimildin er til staðar, er hún bæði mun takmarkaðri og beitt mun sparlegar en hér hefur löngum tíðkast.

Bráðabirgðalagaheimildin er sem fyrr segir komin í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands í gegnum dönsku grundvallarlögini, upphaflega sem orðrétt þýðing þess ákvæðis sem var 30 gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1849. Orðlag 23 gr. núgildandi stjórnarskrár Danmerkur hefur hins vegar þróast á annan veg en íslenska ákvæðisins, þótt ættarmótið sé enn rekjanlegt. Greinin er þannig orðuð:

„I særdeles pátrængende tilfælde kan kongen, når folketingenet ikke kan samles, udstede foreløbige love, der dog ikke må stridon mod grundloven og altid straks efter folketingets sammentræden skal forelægges dette til godkendelse eller forkastelse.“<sup>61</sup>

Mismunurinn á íslenska og danska ákvæðinu liggur í því að heimildin til útgáfu bráðabirgðalaga í Danmörku er þá aðeins gild, „þegar ekki er hægt að kalla þjóðþingið saman“. Pessi breyting var gerð við endurskoðun dönsku stjórnarskrárinna árið 1946. Þá voru uppi hugmyndir um að fella ákvæðið alveg niður, en með hliðsjón af því að þær aðstæður gætu skapast að ekki væri hægt að kalla þingið saman, var ákvæðið að halda ákvæðinu svo breyttu.<sup>62</sup> Þetta hefur leitt til þess að bráðabirgðalög eru sárasjaldan sett í Danmörku. Meira að segja á meðan ákvæðinu í íslensku og dönsku stjórnarskránum voru eins orðuð og heimiluðu bráðabirgðalagasetningu „milli þinga“ eða „þegar þing er ekki að störfum“, var heimildin lítið nýtt. Á rúmlega þriggja áratuga tímabili frá 1915-1948 voru aðeins gefin út níu bráðabirgðalög í Danmörku, þar af fimm í tilefni af frelsun Danmerkur undan hernámi þýsku nasistastjórnarinnar í lok heimsstyrjaldarinnar árið 1945.<sup>63</sup> Það er auk þess stjórnskipunarvenja, sem á sér stoð í 48. gr. dönsku stjórnarskrárinna, að skattheimta er aldrei ákvæðin með bráðabirgðalögum.

Höfundur þessarar greinar hefur ekki fundið danska hæstaréttardóma þar sem reynt hefur á gildi bráðabirgðalaga sem gefin hafa verið út samkvæmt heimild 23. gr. grundvallarlagnna, þannig að ekki verður hér fullyrt hvort gildi bráðabirgðalög hafa þar sem réttarheimild.

Í Noregi hefur verið farin nokkuð önnur leið en á Íslandi og í Danmörku en þar í landi hefur heimild konungs til útgáfu „tímacundinna tilskipana“ (provisoriske anordninger) sem jafngildir útgáfu bráðabirgðalaga, verið takmörkuð þannig að hún geti aðeins náð til viðskipta, tolla, atvinnulífs og „politi“, en ágreiningur hefur verið meðal fræðimanna um yfir hvað síðastnefnda atriðið nái í reynd. Í heild sinni er heimildarákvæðið sem 17. gr. norsku grundvallarlaganna þannig orðað:

„Kongen kan give og opnæve Anordninger, der angaa Handel, Told, Næringsveie og Polit; dog maa de ikke stride mod Konstitutionen og de (saaledes som efterfølgende §§ 77, 78 og 79 bestemme) af Stortinget givne Love. De gjælde provisorisk til næste Storting.“<sup>64</sup>

Ákvæðið felur þannig ekki í sér það skilyrði að „brýna nauðsyn“ beri til setningar bráðabirgðalaganna þannig að hægt er að beita því án þess að hafa uppi röksemdir um að óvenjulegar aðstæður hafi skapast eða að sérstakir þjóðarhagsmunir séu í húfi. Því verður hins vegar ekki beitt nema á þeim svíðum sem að ofan eru nefnd og síðasta setningin felur í sér að því verði ekki beitt nema þegar þingið ekki situr. Þar að auki mega slíka bráðabirgðalög ekki ganga í berhögg við þau lög sem Stórpíngið hefur sett. Það felur í sér að almenn lög eru réttiherrí (lex superior) en bráðabirgðalög, sem setur þessu valdi að sjálfsögðu verulegar skorður.<sup>65</sup>

Ákvæði þessu hefur að meðaltali verið beitt einu sinni á ári frá lokum síðari heimsstyrjaldar og langoftast í því skyni að setja niður vinnudeilur með skipun sáttanefndar. Dæmi um annarskonarnotkun ákvæðisins eru bráðabirgðalög um efnahagslegar refsiaðgerðir gegn Írak eftir innrás þess í Kúveit árið 1990, um nálgunarbann á meðlimi mótorhjóla klúbbanna Hells Angels og Banditos eftir átök þeirra á milli árið 1997<sup>66</sup> og um bann gegn fjármögnun á hryðjuverkum í kjölfar hryðjuverkaárasanna í Bandaríkjunum, sem

<sup>61</sup> Danmark Riges Grundlov nr. 169 af 5. 6. 1953. <http://www.retsinfo.dk>

<sup>62</sup> Peter Germer: Statsforfatningsret, bls. 65.

<sup>63</sup> Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstaða Alþingis til útgáfu þeirra, bls. 38.

<sup>64</sup> Kongeriget Norges Grundlov, given i Riksforamlingen paa Eidsvold den 17de Mai 1814. <http://www.lovdata.no>

<sup>65</sup> Per Helset og Bjørn Stordrange: Norsk statsforfatningsret, 201-202, Carl August Fleischer: Rettskilder og juridisk metode, bls. 91.

<sup>66</sup> Johs. Andenæs: Statsforfatningen i Norge, bls. 209.

Hæstiréttur Noregs hefur fellt dóma í nokkrum málum er varða útgáfu bráðabirgðalaga og nú stýrst það við dómafördæmi réttarins að hægt sé að stöðva verkföll með skipun sáttanefndar á grundvelli heimildar 17. gr. grundvallarlöganna.<sup>68</sup> Á grundvelli dómafördæma hefur einnig verið lagður sá skilningur í ákvæðið að það gefi ekki heimild til að leggja á nýja skatta, né heldur að haekka tolla eða leggja á nýja tolla. Heimildin hvað slíkar gjaldlögur varðar er aðeins talin ná til þess að lækka eða fella niður tolla og gjöld. Hins vegar eru bráðabirgðalög talin vera gild refsheimild að norskum rétti.<sup>69</sup>

## 5.2. Bráðabirgðalög sem réttarheimild í ljósi dóma hæstaréttar

Bráðabirgðalagaheimildin er upphaflega heimild danska konungsvaldsins til inngrípa í löggjafarstarfið á upphafsárum þingræðis í Danmörku og kemur þannig inn í íslensku stjórnarskrána. Miðað við starfshætti Alþingis á síðari hluta 19. aldar og fram á 20. öld og með hliðsjón af atvinnuháttum, samgönguháttum og fjarskiptatækni þess tíma létu þingmenn sér þessa heimild vel líka og höfðu ekki frammi nein veruleg andmæli gegn því hvernig henni var beitt. Bráðabirgðalagaheimildinni var líka framan af beitt mjög hóflega. Eftir síðari heimsstyrjöld fara framangreindar forsendur að bresta hver af annarri, innlendur forseti með aðsetur í landinu tekur sæti erlends konungs, samgönguhættir og fjarskipti taka örum framförum. Á sama tíma breytist stjórnmalahugsun á þann veg að ætla lýðræðislega kjörnu Alþingi meiri sess innan lýðveldisins en það hafði á tímum konungsveldisins. Samt sem áður, gagnstætt því sem ætla mætti, jókst notkun ríkisstjórnna á heimildinni að gefa út bráðabirgðalög. Jafnframt gengu ríkisstjórnir sífellt lengra í að framselja sjálfum sér vald sem samkvæmt strangri túlkun stjórnarskrár ætti aðeins að vera á hendni Alþingis sem hins lýðræðislega kjörna handhafa þess valds sem komið er frá þjóðinni sjálfri. Þessi þróun var í andstöðu við það sem átti sér stað í Danmörku og Noregi þar sem prengt var að heimildinni eftir því sem leið á 20. oldina.

Hér á landi fór ekki að gæta verulegrar andstöðu

þingsins við beitingu heimildar 28. gr. stjskr. fyrir en á síðustu tveimur áratugum 20. aldar. Breyttar hugmyndir þingmanna um lýðræðislegt stjórnarskrárvarið hlutverk sitt leiddu þó á endanum til þess að greininni var breytt og heimildin þrengd við stjórnarskrábreyinguna 1991. Prátt fyrir það bakslag sem kom í þróun bráðabirgðalögjafar á Íslandi með brbl. nr. 103/2003 um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði má segja að þróunin hér á landi hafi eftir stjórnarlagabreytinguna 1991 stefnt í sömu átt og viðgengist hefur með útgáfu bráðabirgðalaga í nálægum ríkjum.

Tiltölulega lítið hefur reynt á þetta heimildarákvæði stjórnarskráinnar fyrir rétti, fyrir en á síðustu áratugum. Er það umhugsunarefnni með hliðsjón af því að um miðja öldina voru rekin ýmis mál fyrir hæstarétti sem ætla mætti að gæfu tilefni til að láta á þetta reyna. Sú málsástæða að bráðabirgðalög brytu gegn heimildarákvæði stjórnarskráinnar var höfð frammi árið 1937, í malinu hrd. 6/1937, en síðan reyndi ekki aftur á hana fyrr en 1985, í malinu hrd. 81/1983. Það verður þó ekki staðhæft með fullri vissu að lögmenn hafi ekki beitt þessum lagarökum í fleiri tilvikum í þessa tæpu hálfu öld, þó að þess sé ekki getið í rökstuðningi dómara. Ragnar Aðalsteinsson hrl. segir til dæmis að honum séu kunn fjölmörg dæmi „...þar sem verjandi ákærða ber fyrir skjólstæðing sinn ákvæði mannréttindasáttmála, án þess þó að dómarinn geti þess við úrlausn málssins, að vörn hafi verið byggð á slíkum lagarökum.“<sup>70</sup> Hugsanlega gæti eins hátt að um þá málsástæðu að bráðabirgðalög stönguðust á við heimildarákvæði stjórnarskráinnar, enda nokkur dæmi um að slík rök séu rakin í málsatvikaly singu herásdóms án þess að hæstiréttur sjái ástæðu til að víkja að þeim einu orði.

Í fyrsta malinu þar sem á þetta reyndi, hrd. 6/1937, fólst niðurstaðan í eftirfarandi setningu: „Almenni löggjafinn hefir metið ráðstafanir þær, sem hér um ræðir, til almenningsheilla, og getur í máli þessu ekki orðið hagnað við því mati.“<sup>71</sup> Og í næsta máli, hrd. 81/1983, var þetta orðað svo: „Löggjafinn hefur sjálfur metið það svo, að brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu laganna. Hefur því mati ekki verið hnekkt.“<sup>72</sup> Hæstiréttur kveður ekki upp úr um það að hann eigi

<sup>67</sup> Lov-2001-10-05-1134. Provisorisk anordning om forbud mot finansiering av terrorisme m.m. <http://www.lovdata.no/ltvad1/ltvad1/l2001/l2001-1-11-76.html>

<sup>68</sup> Høyesteret nr. 157-97, 10. april 1997, Oljearbeiternes Fellessammenslutning mot Staten.

<sup>69</sup> Johs. Andenæs: Statsforfatningen i Norge, bls. 210-211.

<sup>70</sup> Ragnar Aðalsteinsson: Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og íslenskur landsréttur, bls. 17-18.

<sup>71</sup> Hrd. 6/1937, 12. maí 1937. (Hrd. 1937, bls. 333.)

<sup>72</sup> Hrd. 81/1983, 23. des. 1985. (Hrd. 1985, bls. 1544.)

úrskurðarvald um gildi þeirra bráðabirgðalaga sem delt var um, heldur vísar eingöngu til mats löggjafans. Það er vert að hafa í huga að í hvorugu tilfellinu er gerður greinarmunur annars vegar á löggjafanum, Alþingi, og hins vegar á bráðabirgðalöggjafanum, þ.e. ríkisstjórn með atbeina forseta. Gefur þetta glögglega til kynna að hæstiréttur hafi ekki lagt forsögu 28. gr. stjórnarskráinnar og skilning á lýðræðislegu hlutverki Alþingis til grundvallar mati sínu. Þar að auki fela framangreindar dómsniðurstöður í reynd í sér að sem réttarheimild séu bráðabirgðalög rétthærri almennum lögum og verði ekki vikið til hliðar þar sem þau eru sett í skjóli ákvæðisins um brýna nauðsyn, sem bráðabirgðalöggjafinn eigi fullnaðarúrskurð um hvernig meti beri. Það er niðurstaða sem gat auðvitað ekki staðist til lengdar.

Ákveðinnar viðhorfsbreytingar gætir hjá hæstarétti í málínu hrd. 129/1991, eða svonefndum BHMR-dómi, að því leyti að meirihluti réttarins komst nú loks að þeirri niðurstöðu að bráðabirgðalöggjafinn ætti ekki sjálfur fullnaðarúrskurð um gildi bráðabirgðalaga: Í niðurstöðum meirihlutans sagði: „Dómstólar eiga úrskurðarvald um það, hvort almenn lög samrýmast ákvæðum stjórnarskrá og hvort þau hafi orðið til að stjórnskipulegan hátt. Eðlisrök leiða til þess, að hið sama gildi um bráðabirgðalög.“<sup>73</sup> Þessi dómur fíll reyndar eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991 og varðaði ein umdeildustu bráðabirgðalög síðari tíma og má vera að það hafi mótað afstöðu réttarins. Mátti nú ætla að stórra tíðinda væri að vænta þegar hæstiréttur taldi sig eiga hér úrskurðarvald, enda sagði í niðurstöðu meirihluta réttarins að „löggjafinn“ verði „...að haga almennri lagasetningu í samræmi við þá jafnræðisreglu, sem hérr á við og viða er byggt á í stjórnarskrá Íslands, meðal annars í ákvæðum hennar um álögur á þegnana og skerðingu réttinda þeirra, ef til þess þarf að koma. Þegar ríkjandi aðstæður við setningu bráðabirgðalaganna eru metnar í heild, þykir að það hafa skort, að þessi regla hafi verið virt...“<sup>74</sup>

Þrátt fyrir að hæstiréttur komist þannig að þeirri niðurstöðu að með bráðabirgðalögnum hafi verið brotin jafnræðisregla, sem þá var ólögfest stjórnskipunarvenja en var sett inn sem 65 gr. stjórn. við stjórnarskrárbreytinguna 1995, nægði það ekki til að víkja bráðabirgðalögnum til hliðar í þessu máli. Meirihluti hæstaréttar var enn sömu skoðunar þegar síðasta mál þessa eðlis kom til hans kasta árið 1995 í hrd. 359/1994. Þótt rétturinn segi í úrskurði sínum

að fallast megi á að unnt hefði verið að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara í þinghléi sumarið 1992 þá var niðurstaðan samt sú að ekki þyki „...leitt í ljós að löggjafinn hafi með því mati sínu, að brýna nauðsyn bæri til að setja hin umdeildu bráðabirgðalög, misbeitt valdi því, sem honum er fengið með 28. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“. Enn vantaði greinarmuninn á löggjafanum og bráðabirgðalöggjafanum.

Þótt hæstiréttur hafi í reynd falið bráðabirgðalöggjafanum að meta hina brýnu nauðsyn sem beri til setningar bráðabirgðalaga á hverjum tíma og þannig sett þau skorinni rétthærri sem réttarheimild en almenn lög, verður ekki á móti mælt að það hefur haft óbein áhrif að rétturinn hefur í það minnsta áskilið sér rétt til að meta stjórnskipulegt gildi slíkra laga. Þetta kom glögglega fram í máli Davíðs Oddssonar forsætisráðherra við umræður um staðfestingu brbl. nr. 86/1993 um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga árið 1993. Þar sagði hann meðal annars:

*„Vegna þess sem hv. þm. sagði um bráðabirgðalöggin vil ég benda á í sambandi við notkun bráðabirgðalaga í framtíðinni að áratugum saman var það kennt og viðurkennd lögfræði, sem átti stuðning í úrskurðum dómstóla, að bráðabirgðalöggjafinn sjálfur legði mat á það einn og sér og endanlega hvort hin brýna þórf væri til stadað. Þetta hefur breyst. Dómstólar hafa nú áskilið sér rétt til að meta það hvort skilyrði sé fyrir hendi eða ekki. Þetta hygg ég að muni leiða til þess að bráðabirgðalöggjafinn, hver sem hann er í framtíðinni, muni fara varlegar en ella í setningu bráðabirgðalaga.“<sup>75</sup>*

Það hefur gengið eftir og útgefnum bráðabirgðalögum hefur fækkað verulega á undanfönum árum. Samt sem áður komu þessi dómfordæmi hæstaréttar ekki í veg fyrir útgáfu brbl. nr. 103/2003 um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, sem eru á margan hátt umdeilanleg eins og að framan er rakið. Það er athyglisvert að skoða í þessu samhengi álitsgerð sem Ragnhildur Helgadóttir lektor skrifsaði fyrir landbúnaðarnefnd Alþingis 28. október sl., en þar komst hún meðal annars að eftirfarandi niðurstöðu:

*„Ég er þeirrar skoðunar, að þegar bráðabirgðalög voru sett til að bregðast við aðstæðum sem fyrirsýjanlega fylgdu í kjölfar þess að frestur til innleiðingar tilskipunarinnar [91/67/ESB] rann út, án þess að*

<sup>73</sup> Hrd. 129/1991, 3. des. 1992. (Hrd. 1992, bls. 1967.)

<sup>74</sup> Hrd. 129/1991, 3. des. 1992. (Hrd. 1992, bls. 1968.)

<sup>75</sup> Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, bls. 2418.)

<sup>76</sup> Alpt. 117. löggjb. 1993-94, B d. 380.

reyn特 hefði verið að leggja frumvarp fyrir þingið sem kom saman rétt um tveimur vikum áður en nefndur frestur rann út, hafi verið gengið af nærrí skilyrði 28. gr. stjórnarskrárinna um brýna nauðsyn eins og búin verður skýrð með hlíðsjón af þeim ummælum sem fóllu á Alþingi við breytingu stjórnarskrárinna 1991, sbr. líka brd. 2417/1995 [brd. 359/1994] og með hlíðsjón af grundvallarhugmyndum stjórnskipunarinna um löggjafarhlutverk Alþingis og gildi þess í lýðræðisþjóðfélagi að mál séu rædd á þingi þannig að mismunandi skoðanir geti þar tekist. <sup>77</sup>

Ragnhildur Helgadóttir virðist hér mófallin þeirri túlkun sem hefur komið fram í niðurstöðum meirihluta hæstaréttar og einnig í ritum annarra íslenskra frædimanna að það skipti ekki máli hvenær hin brýna nauðsyn er til orðin. Gunnar G. Schram segir til að mynda: „Það er meira að segja ekki loka fyrir það skotid að gefa megi út bráðabirgðalög af tilefni sem til hefur orðið svo snemma að hægt hefði verið að leita um það ákvörðunar Alþingis né heldur af málefni sem Alþingi hefur fjallað um.“<sup>78</sup> Bæði þessi atriði snúa einmitt að því máli sem hér um ræðir. Gunnar G. Schram segir reyndar einnig og hefur nær orðrétt eftir bæði Ólafi Jóhannessyni og Bjarna Benediktssyni að telja verði „...varhugaverðara en ella að gefa út bráðabirgðalög um málefni sem Alþingi hefur nýlega fjallað um og ekki síst ef Alþingi hefur hafnað þeirri lausn sem bráðabirgðalögin velja ...“<sup>79</sup> Ragnhildur tekur undir þetta sjónarmið en leggur að auki áherslu á löggjafar- og lýðræðishlutverk Alþingis og er því nær þeim sjónarmiðum sem koma fram í séraltí Gunnars Sæmundssonar hrl. og Sigurðar Líndal lagaprófessors í málínu hrd. 359/1994, sem rakið er hér að framan. Var niðurstaða þeirra í stuttu máli sú að þar sem ekki hefði verið reynt að kalla Alþingi saman hefði ekki verið sýnt fram á að brýna nauðsyn bæri til setningar bráðabirgðalaganna og þau því ekki sett með stjórnskipulegum hætti skv. 28. gr. stjskr.

### 5.3. Fylgir hæstiréttur vilja stjórnarskrárgjafans?

Ég tel að hæstiréttur hafi ekki fylgt þeirri umræðu sem fram hefur farið á Alþingi á síðustu áratugum um hlutverk þess sem löggjafa og handhafa hins lýðræðislega valds. Hæstiréttur hefur í niðurstöðum

sínum verið bundinn við þann tíma þegar valdaframsal til framkvæmdavaldsins var talið ásættanlegt af hagkvæmnisástæðum og vann sér þannig sess með fordænum. Valdið liggr hins vegar hjá þjóðinni og hún hefur falið það lýðræðislega kjörnum fulltrúum sínum á Alþingi. Alþingismenn hafa á undanförnum áratugum margsinnis áréttuð að meiri takmörkun þurfi að vera á heimild framkvæmdavaldsins til að grípa inn í löggjafarvaldið og ætluðust til þess að eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991 yrði skilyrðið um hina brýnu nauðsyn túlkað mjög þróngt. Hæstiréttur verður í þeim efnum að fylgja vilja löggjafans og anda stjórnarskrá.

Það er lítill vafi á því að við stjórnarskrárbreytinguna 1991 var meirihluti alþingismanna hlynntur því að fella númerandi 28. gr. úr stjórnarskránni og afnema þannig algerlega heimildina til útgáfu bráðabirgðalaga. Sú var samt sem ekki niðurstaðan í frumvarpi til stjórnskipunarlaga sem lagt var fram í ársbyrjun 1991. Alþingistíðindi eru afar fáorð um afstöðu einstakra þingmanna til frumvarpsins, þeirra samningaviðræðna milli flokka sem voru undanfari þess og starfsins í nefndinni sem samdi það. Af ummælum forystumanna flokkanna í Morgunblaðinu um áramótin 1990, meðan frumvarpið var í smíðum, má hins vegar ráða að þingmenn Sjálfstæðisflokkssins, Alþýðubandalagsins og Kvennalistans hafi verið hlynntir því að fella bráðabirgðalaheimildina niður og Alþýðuflokkurinn hafði áður lagt fram tillögu þess efnis. Svo virðist sem það hafi einkum strandað á forsætisráðherranum, Steingrími Hermannssyni, formanni Framsóknarflokkssins, og utanríkisráðherranum, Jóni Baldvini Hannibalssyni, formanni Alþýðuflokkssins.<sup>80</sup> Frumvarpið varð eðli málsins samkvæmt að vera málamiðlun sem allir flokkar gætu sett sig við,<sup>81</sup> enda er það venjan að stjórnarskrárbreytingar eru ekki gerðar nema fyrir liggi sem viðtækust samstaða allra þingflokkfa, ef undan eru skildar breytingarnar sem gerðar voru á kjördæmaskipuninni á fyri hluta 20. aldar. Í ljósi þessa verður að skilja áður tilvitnuð ummæli Ólafs G. Einarssonar þegar hann mælti fyrir frumvarpinu og sagði: „Þetta var sú niðurstaða sem unnt var að fá með samþykki allra nefndarmanna.“<sup>82</sup>

Það er athyglisvert að skoða þær röksemdir sem

<sup>77</sup> Ragnhildur Helgadóttir: Álítsgerð dags. 28. okt. 2003. Alpt 130. löggjb. 2003-04, A þskj. 307. Nefndarálit minnihluta landbúnaðarnefndar. www. althingi.is/alttext/130s/0307.html

<sup>78</sup> Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 318.

<sup>79</sup> Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands, bls. 330, Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur, bls. 318, Bjarni Benediktsson: Ágrip af íslenzkri stjórnlagarfræði II., bls. 59.

<sup>80</sup> Sjá Morgunblaðið 30. des. 1990, bls. 16-17.

<sup>81</sup> Str. orð Margrétar Frímannsdóttir, form. þingfl. Alþýðubandal., Alpt. 113. löggjb. 1990-91, B d. 3526.

<sup>82</sup> Alpt. 113. löggjb. 1990-91, B d. 3090.

forystumenn flokkanna höfðu frammi um þetta efni um áramótin 1990, eftir að harðvítugar deilur höfðu staðið yfir um réttmæti brbl. nr. 89/1990 um launamál, þar sem ákvæði í kjarasamningi BHMR og ríkisins voru felld úr gildi og á meðan þingnefndin um endurskoðun stjórnarskráinnar var að störfum. Jón Baldvin Hannibalsson hafnaði til að mynda hugmyndinni um að fella niður bráðabirgðalagaheimi ldina með þessum rökum:

„Eftir vandlega umhugsun og að fenginni reynslu er ég andvígur því að afnema heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, þegar brýna nauðsyn ber til. Þess gerist ekki þörf þar sem ráðherrar bera ábyrgð gagnsvart Alþingi og þingið á því síðasta orðið um útgáfu laganna.“<sup>83</sup>

Sú staðreynd að hér ríkir þingræði getur hins vegar ekki vegið þungt í röksemdafærslu fyrir því að fára framkvæmdavaldinu löggjafarvald í formi bráðabirgðalaga, sem því sé heimilt að beita hvenær sem ráðherrar telja að brýna nauðsyn beri til. Augljóst má vera að þótt Alþingi eigi síðasta orðið um útgáfu slíkra laga þá stendur það frammi fyrir gerðum hlut og getur sjaldnast fellt slík lög eftir á, nema það hafi mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér, jafnvél óþolandí réttaróvissu og óviðunandi óreiðu í stjórnsvísli. Það væri til að mynda óhugsandi að Alþingi hefði getað fellt brbl. nr. 89/1990 og fært BHMR aftur umsamda launahékkun afturvirkt. Enn óraunhæfara væri að ætla að Alþingi hefði getað fellt brbl. nr. 86/1993 sem veittu fjármálaráðherra heimild til að verja einum milljardí til atvinnuskapandi aðgerða, þar sem búið var að ráðstafa þeim fjármunum að mestu þegar frumvarpið til staðfestingar bráðabirgðalögnum var lagt fyrir þingið. Er það raunar í samræmi við það sem fram kemur í séralíti tveggja dólmara í málunum hrd. 359/1994, prestafélagsdómnum, þar sem bent er á að það leiði af þingræðisreglunni að aðhald Alþingis með útgáfu bráðabirgðalaga sé takmarkað. „Stuðningsmenn ríkisstjórnar hljóta að forðast þá árekstra sem óhlákvæmilega yrðu ef kalla ætti ríkisstjórn eða einstaka ráðherra til fyllstu ábyrgðar vegna útgáfu bráðabirgðalaga.“<sup>84</sup> Því sé ekki hægt að draga þá ályktun að Alþingi hafi fallist á þá rúmu túlkun sem viðgengist hafi við útgáfu bráðabirgðalaga, með staðfestingu þeirra eftir á og án frekari eftirmála.

Í umræðum í aðdraganda stjórnarskrárbreytin garinnar 1991 varð hins vegar samstaða milli

forystumanna þeirra flokka sem að öðru leyti stóðu málefnalega fjærst hver öðrum í hinu hefðbundna litrófi stjórnmálanna á þeim tíma. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokkssins, vék til að mynda í áramótagrein sinni að atburðarásinni í kringum setningu bráðabirgðalaga vegna BHMR og sagði:

„Öll þessi atburðarár [vegna bráðabirgðalaga nr. 89/1990] hefur leitt til þess að mjög margir telja að ríkisstjórnin hafi vegið svo nærrí undirstöðum stjórnskipunarinnar að brýna nauðsyn beri nú til að afnema rétt til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég er þeirrar skoðunar að þetta beri að gera, enda vandséð þau tilvik í nútíma þjóðfélags að ekki megi kalla löggjafarsamkomuna til fundar þegar mikil liggur við.“<sup>85</sup>

Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýubandalagsins, svaraði spurningu Morganblaðsins um þetta efni þannig:

„Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að afnema eigi rétt til útgáfu bráðabirgðalaga. Vald til útgáfu bráðabirgðalaga er arfleifð frá stjórnarháttum sem nú eru úreltir og þjóðfélagsskipan sem löngu heyrir sögunni til. Á okkar tímum er lítill vandi að kalla þing saman með litlum fyrirvara. Það er kominn tími til að Alþingi breyti starfháttum sínum í takt við nútímann.“<sup>86</sup>

Þegar þessi orð fóllu í árslok 1990 þóttu þau ef til mestum tíðindum sæta fyrir þær sakir að þau komu frá fjármálaráðherranum sem bar ábyrgð á hinum umdeildu bráðabirgðalögum nr. 89/1990 sem sett voru á launahékkunir BHMR. Í samtímanum hafa þessi orð hins vegar aðra merkingu vegna þess að þarna talar númerandi handhafi bráðabirgðalögjafar valdins, forseti Íslands.

Ummæli sem falla á síðum Morganblaðsins hafa að sjálfsoðu ekki gildi sem lögskýringargöggn og varla þess að vænta að hæstiréttur hafi þau til hliðsjónar úrskurðum sínum. Ummælin eru hins vegar rakin hér til að sýna afstöðu þingmannna á þeim tíma sem frumvarp til stjórnskipunarlaga var í smíðum, vegna þess að um orðalag þess var samið á lokuðum nefndafundum sem Alþingistiðindi geta ekki um, það var síðan samþykkt umræðulítið á Alþingi og í þeirri umræðu lögðu formenn flokkanna nær ekkert til málanna. Sú samstaða sem náðist um breytingar

<sup>83</sup> Morganblaðið 30. des. 1990, bls. 17.

<sup>84</sup> Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, 2421.)

<sup>85</sup> Þorsteinn Pálsson: Við áramót. Morganblaðið 30. des. 1990.

<sup>86</sup> Skynsemi í skattamálum - raunsæi í EB-viðræðum. Morganblaðið 30. des. 1990.

á stjórnarskránni 1991 og fram kemur í frumvarpinu sjálfa, greinargerð þess og áður tilvitnuðum ummælum framsögumanns frumvarpsins, ber þó nægilega skýrlega með sér að þingmenn lögðu augljóslega þann skilning í 28. gr. stjskr. að heimild ríkisstjórnar til útgáfu bráðabirgðalaga á grundvelli brýnnar nauðsynjar yrði að skýra mjög þróngt og nær einskorða hana við þær aðstæður að ekki væri unnt að kalla þing saman. Ólafur G. Einarsson, framsögumaður nefndarinnar, vél aftur að þessu atriði í síðari umræðum, með enn skýrari hætti en áður:

„Ég gat ekki um það, taldi að menn skildu það, og auðvitað gera menn það, að pegas og ef sú skipan kemst á að þingið situr allt árið er það miklu léttara verk að kalla þingið til aukafunda á miðju sumri eða hvenær sem er. Þá þarf ekki að byrja á því að kjósa forseta þingsins og í allar nefndir. Það er hægt að ganga beint að verki og taka á dagskrá það mál sem á að afgreiða. Petta tel ég allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu, en ég gat fallist á það að rétturinn til útgáfu bráðabirgðalaga yrði ekki afnuminn nuna þótt ég hefði áður látið í ljós þær skoðanir mínar að þann rétt eigi að afnema með öllu.“<sup>87</sup>

Öllu skýrara getur það ekki orðið: „Petta tel ég allt eigi að leiða til þess að menn hætti bráðabirgðalagaútgáfu...“ en kalli þingið þess í stað saman til aukafunda. Sami skilningur kom fram í framsöguræðu Margrétar Frímannsdóttur, þingflokkusformanns Alþýðubandalagsins, er hún mælti fyrir staðfestingu frumvarpsins á sumarþinginu að loknum kosningum 1991. Hún sagði að það væri að vísu svo að ríkisstjórn hefði áfram heimild til þess að leggja til við forseta að gefa út bráðabirgðalög meðan þingfrestanir stæðu:

„...en það er skilningur allra sem að þessu málí hafa staðið að til þess komi ekki nema í sérstökum neyðartilvikum, heldur verði tekinn upp sá nýji síður að verði þórfá skjótri löggjöf utan venjulegs starfstíma Alþingis, t.d. yfir sumartímann, þá verði Alþingi kallað saman til aukafunda til þess að afgreiða hana með edlilegum hætti.“<sup>88</sup>

Þessi túlkun á 28.gr. stjskr. hefur ekki endurspeglast í þeim dóumum hæstaréttar sem raktir hafa verið hér að framan, jafnvel ekki þeim síðasta sem felldur hefur verið um þetta atriði, hrd. 359/1994, sem reyndar er

sá eini þar sem reynt hefur á gildi bráðabirgðalaga sem sett voru eftir stjórnarskrárbreytinguna 1991. Ástaða er til að skoða nokkru nánar rökstuðning meirihluta hæstaréttar fyrir þeiri niðurstöðu að ríkisstjórnin hafi ekki misbeitt valdi sínu skv. 28. gr. stjskr. við setningu umræddra brbl. nr. 66/1992. Hæstaréttur telur að fallast megi á það með áfrýjanda, formanni Prestafélagsins, „...að unnt hefði verið að kalla Alþingi saman með stuttum fyrirvara í þinghléi sumarið 1992.“<sup>89</sup> Hæstaréttur viðurkennir sem sagt að hægt hefði verið að uppfylla þau skilyrði sem Alþingi taldi að viki til hliðar heimild til útgáfu brbl. skv. 28. gr. stjskr. Alþingi mátti sem sagt kalla saman til að setja almenn lög um efnið og samkvæmt þeim lögskýringargögnum sem fyrir liggja, og rakin hafa verið hér að framan, var það mat löggjafans að þá væru forsendur fyrir útgáfu bráðabirgðalaga brostnar.

En hæstaréttur lætur það ekki ráða afstöðu sinni heldur bætir við: „Prátt fyrir það mat bráðabirgðalöggjafinn stjórnmaláaðstæður og ástand í þjórfelaginu þannig, að brýnt væri að breyta strax lögum um Kjaradóm...“ Hér er bráðabirgðalöggjafanum ætlaður réttur til að leggja mat á hversu brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga og á það bent að hann hafi metið það svo að brýnt væri að breyta lögum um kjaradóm „strax“. Í þessu samhengi hlýtur „strax“ að merkja að ekki hafi mátt biða eftir að þing væri kallað saman og því gefnir nokkrir dagar til að breyta lögum um kjaradóm með almennum lögum. Það hefði þó mátt gera á skemmmri tíma en einni viku, sem hefði ekki komið að sök því kjaradómur fékk tæpan mánuð til að kveða upp nýjan úrskurð á grundvelli bráðabirgðalaganna. Það virðist sem hæstaréttur horfi ekki til þeirrar staðreyndar að samgönguhættir og fjarskiptatækni gera það að verkum að hægt er að kalla Alþingi saman með eins til tveggja sólarhringa fyrirvara, jafnvel þótt einstaka þingmenn séu staddir í öðrum heimsálfum. Hinar sögulegu forsendur fyrir því að fela bráðabirgðalöggjafanum sjálfðæmi um hina brýnu nauðsyn eru því löngu brostnar. Hæstaréttur hefur sjálfur notað þær röksemdir í svonefndum fulltrúadómi, hrd. 120/1989, í því skyni að víkja til hliðar aldagömlum hefðum um að sömu menn færu bæði með dómsvald og umboðsvald í héraði. Í þeim dómi segir meðal annars: „Þær sérstöku sögulegu og landfræðilegu aðstæður, sem bjuggu því að baki, að sömu menn fara utan Reykjavíkur oftsinnis bæði með stjórnsýslu og dómstörft, hafa nú minni þýðingu en fyrr, meðal annars vegna greiðari samgangna en

<sup>87</sup> Alþ. 113. löggjb. 1990-91, B d. 3113.

<sup>88</sup> Alþ. 114. löggjb. 1991, B d. 24, sbr. einnig ummæli Björns Bjarnasonar, þingm. Sjálfstæðisfl., d. 47.

<sup>89</sup> Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995. (Hrd. 1995, 2417.)

áður var.”<sup>90</sup> Hafi greiðari samgöngur verið ásamt öðru frambærileg rök fyrir því að afnema lögfestu skipan dómsvaldsins í margar aldir, þá hlýtur sú röksemend einnig að vega þungt til að afnema nokkurra áratuga stjórnskipunarvenju og réttarvenju um að bráðabirgðalögjafinn eigi sjálfdæmi um hvort brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga.

Að þessu sögðu lýkur meirihluti hæstaréttar röksemenda ferslu sinni með eftirfarandi orðum: „Skilyrði stjórnarskráinnar um brýna nauðsyn hefur í lagaframkvæmd hér á landi verið skýrt rúmt. Þykir ekki leitt í ljós að löggjafinn hafi með því mati sínu, að brýna nauðsyn bæri til að setja hin umdeildu bráðabirgðalög, misbeitt valdi því, sem honum er fengið með 28. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands...” Óumdeilt er að skilyrðið um brýna nauðsyn hafi áður verið skýrt rúmt en það var einnig óumdeilanlega ætlun Alþingis með stjórnarskrárbreytingunni 1991 að breyta þeiri stjórnskipunarvenju í þá veru að skýra bæri hina brýnu nauðsyn mjög þróngt. Hæstaréttur telur sig að vísu, þegar þarna er komið sögu, ólíkt því sem áður var, bæran til að leggja mat á það hvort bráðabirgðalög standist stjórnarskrá en enn sem fyrr kemst hann að þeirri niðurstöðu að „löggjafinn” hafi ekki misbeitt valdi sínu við mat á hinni brýnu nauðsyn. Það er niðurstaða sem ekki styðst við vilja stjórnarskrárgjafans samkvæmt þeim lögskýringargögnum sem hér hafa verið rakin. Þrátt fyrir breytinguna sem gerð var á stjórnarskránni 1991 gefur hæstaréttur bráðabirgðalögjafanum enn frjálsar hendur um mat á því hvort brýna nauðsyn beri til setningar bráðabirgðalaga og setur þau þannig skör hærra sem réttarheimild en almenn lög.

Ragnhildur Helgadóttir segir réttilega um framangreindan dóm: „Hér er engu líkara en að hæstaréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að brýna nauðsyn hafi ekki borið til útgáfu bráðabirgðalaga en virði samt mat bráðabirgðalögjafans að þessu leyti.”<sup>91</sup> Undir þessa túlkun á dómínum er hægt að taka, en jafnframt má vera augljóst að þessi afstaða hæstaréttar getur ekki staðist til lengdar. Sú túlkun á 28. gr. stjórnarskráinnar að bráðabirgðalög geti verið rétthærri almennum lögum og verði varla vikið til hliðar þar sem bráðabirgðalögjafinn eigi svo ríkan rétt til að meta hvort brýna nauðsyn beri til setningar þeirra er ekki í samræmi við vilja stjórnarskrárgjafans eins og lögskýringargögnum bera með sér.

Ég er þeirrar skoðunar að hæstaréttur muni óhjákvæmilega þurfa að endurmeta hinar sögulegu forsendur þessa ákvæðis stjórnarskráinnar, sem nú eru að mestu brotnar, horfa meira til löggjafarhlutverks Alþingis við breyttar aðstæður og hlutverks þess sem handhafa hins lýðræðislega valds þjóðarinna. Það má því gera því skóna að næst þegar hæstaréttur þarf að taka afstöðu til bráðabirgðalagasetningar, þurfi hin brýna nauðsyn að hafa verið muni brýnni en hingað til hefur verið talið ásættanlegt og reyndar svo brýn að ekki hafi verið unnt að bíða í nokkra daga eftir að Alþingi kæmi saman til lagasetningar. Með slíkum dómi myndi hæstaréttur rýra gildi bráðabirgðalaga sem réttarheimildar þannig að þau væru aðeins jafnsett almennum lögum, en sett til bráðabirgða. Það væri í samræmi við það sem stjórnarskrárgjafinn ætlaði, auk þess sem það samræmdist betur hugmyndum þjóðarinna um lýðræði, vilja löggjafans og þeim venjum sem tíðkast með öðrum þjóðum.

<sup>90</sup> Hrd. 120/1989, 9. jan. 1990. (Hrd. 1990, bls. 7.)

<sup>91</sup> Ragnhildur Helgadóttir: Úrskurðarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga, bls. 508-509.

## HEIMILDIR

*Prentuð rit og greinar:*

Alþingistíðindi 111., 112., 113., 114., 117., 120., 127., 128. og 130. löggjafarping.

Bjarni Benediktsson: Ágrip af íslenzkri stjórnlagafraði II. (Handrit.) Fjörlitunarstofa Daniels Halldórssonar, Reykjavík 1940.

Bjarni Benediktsson: Bráðabirgðalög og afstaða Alþingis til útgáfu þeirra. Afmælisrit helgað Ólafi Lárussyni professor, 25. febrúar 1955. Hlaðbúð, Reykjavík 1955.

Carl August Fleischer: Rettskilder og juridisk metode. Ad Notam Gyldental, Oslo 1998.

Danmarks love. 17. udg. Jurist- og økonomforbundets forlag, København, 2000.

Eiríkur Tómasson: Lögfræðiálit Eiríks Tómassonar hrl.: Ekkert því til fyrirstöðu að löggjafi taki sér ákvörðunarvaldið. Morgunblaðið, 2. júlí 1992.

Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarréttur. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999.

H. Matzen: Den Danske Statsforfatningsret. II. 2 udg. København 1887.

Johs. Andenæs: Statsforfatningen i Norge. 8. utg. Universitetsforlaget, Oslo 2000.

Jón Steinar Gunnlaugsson: Hugleiðing um handhafa ríkisvaldsins. Úlffljótur, 1. tbl. 1991.

Jónatan Sveinsson: Lögfræðiálit Jónatans Sveinssonar hrl.: Dómurinn ekki felldur niður með stjórnvalds- eða lagaboði. Morgunblaðið, 2. júlí 1992.

Ólafur Jóhannesson: Stjórnskipun Íslands. Hlaðbúð, Reykjavík 1960.

Per Helset og Bjørn Stordrange: Norsk statsforfatningsret. Ad Notam Gyldental, Oslo 1998.

Peter Germer: Statsforfatningsret. 2. udg. Jurist- og økonomforbundets forlag, København, 1995.

Ragnar Aðalsteinsson: Alþjóðlegir mannréttindasáttmálar og íslenskur landsréttur. Tímarit lögfræðinga, 1. h. 1990.

Ragnhildur Helgadóttir: Úrskurðarvald dómstóla um stjórnskipulegt gildi laga. Afmælisrit, Þór Vilhjálmsson sjötugur, 9. júní 2000. Orator, Reykjavík 2000.

Ragnhildur Helgadóttir: Álitsgerð um bráðabirgðalög nr. 103/2003 fyrir landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 28. okt. 2003. Alpt. 130. löggjþ. 2003-04, A þskj. 307, Nefndarálit minnihluta landbúnaðarnefndar.

Sigurður Líndal: Um lög og lögfræði. Grundvöllur laga – réttarheimildir. HÍB, Reykjavík 2002.

Skýrsla stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskráinnar. Reykjavík, 1983.

Stjórnartíðindi 1937–2003.

Stjórnartíðindi: Efnisyfirlit A-deilda og B-deilda Stjórnartíðinda árin 1951–1961. Reykjavík 1964.

Stjórnartíðindi: Efnisyfirlit A-deilda og B-deilda Stjórnartíðinda árin 1962–1970. Reykjavík 1972.

Stjórnartíðindi: Efnisyfirlit A-deilda og B-deilda Stjórnartíðinda árin 1971–1980. Reykjavík 1985.

Stjórnartíðindi: Efnisyfirlit A-deilda og B-deilda Stjórnartíðinda árin 1981–1990. Reykjavík 1992.

Porsteinn Pálsson: Við áramót. Morgunblaðið 30. des. 1990.

## *Óþrentaðar heimildir:*

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: Bráðabirgðalög. Lokaritgerð í lögfræði við Háskóla Íslands, 1976.

### *Hæstaréttardómar:*

- |                               |                   |
|-------------------------------|-------------------|
| Hrd. 6/1937, 12. maí 1937     | (Hrd. 1937, 332)  |
| Hrd. 13/1954, 25. júní 1954   | (Hrd. 1954, 439)  |
| Hrd. 48/1959, 14. okt. 1949   | (Hrd. 1959, 606)  |
| Hrd. 135/1979, 30. júlí 1979  | (Hrd. 1979, 863)  |
| Hrd. 136/1979, 30. júlí 1979  | (Hrd. 1979, 873)  |
| Hrd. 141/1979, 4. nóv. 1980   | (Hrd. 1980, 1832) |
| Hrd. 81/1983, 23. des. 1985   | (Hrd. 1985, 1544) |
| Hrd. 114/1985, 21. okt. 1986  | (Hrd. 1986, 1361) |
| Hrd. 204/1985, 27. febr. 1986 | (Hrd. 1986, 462)  |
| Hrd. 175/1986, 10. júní 1987  | (Hrd. 1987, 1018) |
| Hrd. 263/1986, 23. okt. 1987  | (Hrd. 1987, 1361) |
| Hrd. 222/1987, 15. mars 1988  | (Hrd. 1988, 413)  |
| Hrd. 120/1989, 9. jan. 1990   | (Hrd. 1990, 2)    |
| Hrd. 135/1990, 11. febr. 1993 | (Hrd. 1993, 259)  |
| Hrd. 129/1991, 3. des. 1992   | (Hrd. 1992, 1962) |
| Hrd. 198/1993, 3. mars 1994   | (Hrd. 1994, 469)  |
| Hrd. 359/1994, 26. okt. 1995  | (Hrd. 1995, 2417) |

### *Gagnabankar á vefnum:*

- [www.althingi.is](http://www.althingi.is)  
[www.lovdata.no](http://www.lovdata.no)  
[www.mbl.is](http://www.mbl.is)  
[www.retsinfo.dk](http://www.retsinfo.dk)